

SHALDOR  
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ  
Í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is



Áhrifamikill hönnuður á tímamótum  
Ítalski arkitektinn og hönnuðurinn  
Alessandro Mendini, er áttæður í ár.  
allt 2



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

5. september 2011  
206. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

10  
ÁRA  
2001 - 2011

BEST LESNA  
DAGLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt reyningarmáttinum Circulant Gallup apríl - júní 2011



**Styðja við foreldra**  
Hrefna Sigurjónsdóttir  
er nýr framkvæmdastjóri  
Heimilis og skóla.  
**tímamót 14**

**40 ára saga**


Íslendingar geta verið  
stoltir af framlagi sínu til  
þróunarsamvinnu segir  
utanríkisráðherra.

**umræðan 10**



**Vilja erlendan þjálfara**  
Helmingur fulltrúa  
Íslenskra knattspyrnufélaga  
vill fá erlendan  
landslíðsþjálfara.  
**sport 22**

**veðrið í dag**



**VÆTA S-TIL** Í dag verður fremur  
hæg A-læg átt. Dálitil úrkoma S-  
til og víða skúrir. Hiti 7 til 17 stig.  
Svalast á annesjum NV-til.

**VEÐUR 4**

## Tilkynnt um kynferðisbrot hjá fimm trúarsöfnum

Kynferðisbrot hafa verið tilkynnt hjá þriðjungi þeirra fjórtán trúfélaga sem hafa svarað fagráði ráðuneytisins. Flest trúfélög vilja fá faglegan grundvöll til að kljást við málin. Sjö mál tilkynnt hjá Vottum Jehóva.

**SAMFÉLAGSMÁL** Tilkynnt hefur verið um kynferðisbrot hjá fimm af þeim fjórtán trúarsöfnum sem hafa svarað fyrirspurn fagráðs innanríkisráðuneytisins. Söfnuðirnir eru Bahá'í á Íslandi, Boðunarkirkjan, Fíladelfía, Krossinn og Vottar Jehóva.

Fyrirspurn fagráðsins laut meðal annars að því hvort faglegar verklagsreglur væru til staðar fyrir meðferð kynferðisbrota innan trúfélagsins. Einnig var skoðað hvort vilji væri fyrir því innan félagsanna að koma á fót fagráði eða setja verklagsreglur. Í svörum trúfélaga-

„Það er mikill munur á því hvort um er að ræða fullorðinn einstakling eða barn.“

**BJARNI JÓNSSON**  
FORSTÖÐUMAÐUR VOTTA  
JEHÓVA Á ÍSLANDI

anna, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, sést að langflest voru þau afar jákvæð varðandi slíkt, en sum hafa nú þegar hafið samstarf við samtök á borð við Blátt áfram og Drekaslóð.

Trúfélögin voru einnig beðin um að tilgreina hvort, og þá hversu margar, tilkynningar um kynferðisbrot hafi komið á borð þeirra.

Alls hafa komið upp sjö kynferðisbrotamál innan safnaðar Votta Jehóva síðan 1960. Þar af þrjú frá 1990. Eitt málið fór inn á borð lögreglu en var vísað frá.

Bjarni Jónsson, forstöðumaður Votta Jehóva á Íslandi, segist ekki geta svarað því hversu margar tilkynningar vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum. Yfirlit um slíkar tilkynningar myndu stangast á við persónuverndarlög.

Í svari Votta Jehóva til fagráðsins segir meðal annars að ef komi fram ásökun um kynferðisbrot gegn barni innan safnaðarins sé málinu strax vísað til yfirvalda. Það sé hins vegar ekki gert ef tilkynnt er um brot gegn fullorðnum einstaklingi.

„Það eru engin lög sem segja að ef ásakanir berist innan ákveðins hóps, trúfélags eða annarra, beri að vísa þeim til yfirvalda,“ segir Bjarni. „Það er mikill munur á því hvort um er að ræða fullorðinn einstakling eða barn. Löggjafinn gerir líka mikinn greinarmun á því.“

- sv / sjá síðu 6



**SÍÐUSTU DAGAR SUMARS** Fjöldi fólks heimsótti miðborgina um helgina og naut sumarveðurs í september. Við Hörpu sýndu hjólabretamenn kúnstir sínar en tækifærum til slíkrar iðju fer ört fækkandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fjöltnir og Tobba í hár saman: Fjöltnir persóna í bók Tobbu

**FÓLK** Fjöltnir Þorgeirsson hestamaður er ósáttur við að Þorbjörg Marinósdóttir rithöfundur hafi notað hann sem fyrirmynd að persónu í bók sinni Lýtalaus.

„Mér finnst þetta fáránlegt,“ segir Fjöltnir. Persónan heitir Fjöltnir Þorleifsson, og augljóst að nafni hans Þorgeirsson er fyrirmyndin.

„Hún sendi mér einhvern texta og spurði hvort mér væri sama. Ég svaraði til baka og sagði að mér fyndist hún vera á lágu plani og mér væri ekki sama.“

Tobba segir nafna Fjöltnis skáldaða persónu. „Auðvitað eins og með allt í bókinni, þá er hún með skírskotunir í raunveruleikann, vini mína og umhverfið og hann verður bara að komast yfir þetta.“

- fgg / sjá síðu 26



**FJÖLNI**  
ÞORGEIRSSON

Útboð vegna Drekasvæðisins verða opnuð 1. október:

## Alþingi að ljúka olíuumræðu

**ALÞINGI** Frumvarp iðnaðarráðherra um leit, rannsóknir og vinnslu kolfnis verður til þriðju og síðustu umræðu á Alþingi í dag. Þá verða einnig rædd tvö frumvörp fjármálaráðherra um skattlagningu á kolvetnisvinnslu, en þau eru til annarrar umræðu.

Frumvörpin eru liður í breytingum á regluverkinu varðandi olíuleit. Útboð vegna leitar og rannsókna á Drekasvæðinu verður opnað 1. október. „Við höfum þegar orðið vör við þó nokkurn áhuga á útboðinu,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

Hún segir að verið sé að samræma reglur því sem þekktist í nágrannalöndum okkar og auka samkeppnishæfni landsins. Náð samstarf hafi verið við Norðmenn

vegna málsins, en þeir eru farnir að hugsa sér til hreyfings á svæðinu. Katrín segir áhuga Norðmanna jákvæðan fyrir Íslendinga og auka áhugann á leit og rannsóknum á Drekasvæðinu.

Katrín var nokkuð gagnrýnd fyrir að ekki náðist að ljúka málinu fyrir sumarfrí og útboðið tafðist um tvo mánuði. Hún gefur lítið fyrir þá gagnrýni, þeir sem áhuga sýni á olíuleit hugsu ekki í einum eða tveimur mánuðum heldur mun lengri tíma. „Þetta snerist ekki um



**KATRÍN**  
JÚLÍUSDÓTTIR

„Við höfum þegar orðið vör við þó nokkurn áhuga á útboðinu.“

**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**  
IÐNAÐARRÁÐHERRA

gjaldeyri inn í landið einn, tveir og þrjú. Þessi gagnrýni var hálfgerður pólitískur sumarleikur.“

Gangí útboðið vel má búast við rannsóknum á svæðinu innan tíðar og, skili þær góðum niðurstöðum, vinnslu innan nokkurra ára.

„Ef rannsóknir og leit fara strax af stað, eins og vonandi gerist, er æskilegt að við fáum sem mestar tekjur út úr því,“ segir Katrín.

- kóp

ms.is

### Ostur eins og krakkar vilja hafa hann

PHOTO: ANDRÉ SA

### Hefur þú skolað í dag?

Fyrir börn og fullorðna

Sterkar tennur, fallegt bros – það er Flux!

FÆST Í APÓTEKUM



Þórunn, ertu ekki lengur í þingum við stjórnmálin?

„Jú, það ástarsamband mun vara ævilangt.“

Þórunn Sveinbjarnardóttir tilkynnti á föstudag að hún hygðist láta af þingmennsku, eftir tólf ára setu á Alþingi, til að setjast á skólabeck.

## Ný kenning um kviknun lífs: Upphaf lífsins í fljótandi vikri

**VÍSINDI** Réttar aðstæður fyrir kviknun lífs á jörðinni fyrir 3,5 milljörðum ára gætu hafa myndast á fljótandi flekum úr vikri samkvæmt nýrri kenningu vísindamanna.

Steintegundin vikur er léttari en vatn og frá því vikurinn verður til þar til hann eyðist getur hann komist í tæri við öll þau öfl sem talið er að gætu hafa skipt máli þegar lífið varð til, að því er segir í frétt BBC.

Vísindamenn telja vist að líf hafi verið kviknað á sandströndum fyrir 3,4 milljörðum ára. Þeir sem rannsakað hafa vikur segja talsverðar líkur á því að upphaf lífsins megi rekja til vikurfleka undan þessum sandströndum. - bj



**ARNARSMÁRA Í GÆR** Þrjár slökkviliðsbílar komu á vettvang auk þriggja sjúkrabíla og fimm lögreglubíla.

MYND/BJARNI

## Eldur braust út í Kópavogi: Íbúð skemmdist í eldsvoða

**BRUNI** Eldur kom upp í íbúð í Arnarsmára í Kópavogi rétt fyrir klukkan ellefu í gærmorgun. Enginn var í íbúðinni þegar eldurinn braust út en miklar skemmdir urðu á íbúðinni sem er talin ónýtt.

Að sögn slökkviliðs kom eldurinn upp í þvottahúsi og lagði mikinn reyk frá íbúðinni. Hjón sem búa í íbúðinni voru nýfarin þegar eldurinn kom upp og urðu nágrannar þeirra eldsins varir þegar reyskynjari hóf að pípa.

- mbl

Formaður Sjálfstæðisflokksins vill umræðu vegna Grímsstaðamáls:

## Vill skilyrði um kaup stórra jarða

**STJÓRN MÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, telur að gaumgæfa þurfi reglur um kaup aðila utan EES-svæðisins á fasteignum og jörðum á Íslandi. Hann segir að áhugi Kínverjans Huangs Nubo á kaupum á Grímsstaðum á Fjöllum, eigi að vera til efni til slíkrar umræðu.

„Eins og þetta hefur verið hefur það, að því er virðist, verið undir ráðherra komið hverju sinni, án þess að það fylgi miklar leiðbeiningar um það í lögum, og ég geri einfaldlega greinarmun á því að menn komi hingað heim með sínar



BJARNI BENEDIKTSSON

fjárfestingar til að hefja atvinnustarfsemi og hinu að menn komi til að kaupa mörg hundruð ferkílómetra land.“

Bjarni gerir greinarmun á fjárfestingu sem lýtur að atvinnustarfsemi og uppkaupum á takmörkuðum gæðum eins og stórum jörðum, sem ekki þurfi nauðsynlega að tengjast atvinnustarfsemi.

„Ég held að við þurfum að gaumgæfa þessi mál fyrirfram áður en einhver óvænt þróun á sér stað. Það er tilfellið að menn munu á næstu árum í auknum mæli sækjast eftir þeim landgæðum sem er að finna á Íslandi.“

Bjarni segir mun á því hvort menn kaupi einstaka fasteignir hér á landi eða stærðarinnar landsvæði. „Ég tek það hins vegar skýrt fram að ég er mjög jákvæður gagnvart þessum hugmyndum um uppbyggingu ferðabjónustunnar sem málið snýst, að því er virðist, í grunninn um.“

- kóp

Aurskriður og flóð í Japan:

## Tuga saknað eftir fellibyl

**JAPAN, AP** Minnst 20 eru látinir og tuga er saknað í Japan af völdum fellibylsins Tallas sem nú gengur þar yfir.

460 þúsund manns þurftu að yfirgefa heimili sín vegna veðursins í vestur- og miðhlutum Japan. Tæplega fjögur þúsund manns urðu strandglopar vegna þess að ár höfðu flætt yfir bakka sína, brýr höfðu eyðilagst og aurskriður fallið. Þetta hamlar einnig björgunarstarfinu.

Búist er við áframhaldandi slæmu veðri á svæðinu. - þeb

# Mengun gæti breytt ásjýnd Þingvallavatns

Þjóðgarðsvörður óttast mengun frá aukinni bílaumferð um þjóðgarðinn á Þingvöllum eftir vegabætur á Lyngdalsheiði. Þarf að bæta mælingar og mæla víðar. Þörungagróður gæti fylgt mengun og breytt bláum lit vatnsins í brúnan.

**UMHVERFISMÁL** Aukin bílaumferð um Þingvelli í kjölfar vegabóta á Lyngdalsheiði getur haft aukna mengun í för með sér í þjóðgarðinum. Auka þarf eftirlit með mengun frá veginum segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

„Þingvallavatn er eitt tærasta vatn sem um getur, en ef köfnunarefni, nitur og fleira frá umferðinni fer út í vatnið kemur þörungagróður, og þá hverfur blái liturinn og vatnið spillist,“ segir Ólafur.

Bílaumferð um Þingvelli hefur þrefaldast milli ára. Í fyrra fóru að meðaltali um 260 bílar um veginn á sólarhring samanborið við um 770 bíla í ár. Miðað við meðalfjölda í hverjum bíl má búast við að um ein milljón manns fari um þjóðgarðinn í ár.

Þegar ákveðið var að leggja nýjan veg um Lyngdalsheiði, austan við Þingvelli, var ákveðið að fylgjast náið með mengun frá bílaumferð um þjóðgarðinn, og þeim áhrifum sem hún kynni að hafa á Þingvallavatn.

„Við munum fylgja þeirri ákvörðun vel eftir,“ segir Ólafur. „Ég tel að það þurfi að bæta mælingarnar, bæði koma með nýjar tegundir af mælingum og mæla á nýjum stöðum. Núna er eingöngu mælt í Mjóanesi, sem er bær austan við vatnið, og mælingarnar eru mjög takmarkaðar.“

Ólafur segir að fylgjast verði með mengun sem fellur við veginn, svo sem tjöru, sóti og gúmmí úr dekkjum, en einnig verði að fylgjast grannt með loftmengun sem fylgi auknum umferðarþunga.

brjann@frettabladid.is



**ÞJÓÐGARÐUR** Umferð um þjóðveginn austan við Þingvelli hefur þrefaldast frá því nýr vegur var lagður um Lyngdalsheiði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

## Hraðakstur gæti orsakað alvarlegt slys

Aukinni umferð um Þingvelli hefur fylgt aukinn hraðakstur í þjóðgarðinum, með tilheyrandi slyshættu. Hámarkshraðinn er 50 kílómetrar á klukkustund en beggia vegna þjóðgarðsins er 90 kílómetra hámarkshraði.

„Það gæti orðið mjög alvarlegt slys á veginum ef menn aka of hratt,“ segir Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður. Vegurinn er bæði mjór og hlykkjöttur og ósnortið hraunið bíður við vegbrúnina ef ökumenn fípast.“

Aukinni umferð um Þingvelli fylgir einnig talsverð hljóðmengun, sér í lagi ef ekið er yfir leyfilegum hámarkshraða.

Ólafur segir að sett verði upp fleiri skilti sem minni á hámarkshraðann. Auk þess verður sett upp skilti með tilmælum til ökumanna um að hægja á sér, enda sparist lítil tími þó ekið sé hratt.

„Ég er sannfærður um að fólk taki þessu vel og hægi á sér,“ segir Ólafur.



Þórunn hættir í dag:

## Lúðvík tekur sæti á Alþingi

**ALÞINGI** Lúðvík Geirsson tekur sæti á Alþingi í dag, í stað Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Lúðvík



LÚÐVÍK GEIRSSON

sagðist fyrir helgi myndu nýta helgina til ákvörðunar um hvort hann tæki sætið, en hann hefur undanfarið starfað að flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Þórunn, sem hyggst setjast á skólabeck, var formaður þingflokks Samfylkingarinnar. Samkvæmt heimildum blaðsins verður ekki kosinn nýr þingflokksformaður fyrr en um næstu mánaðamót, þegar nýtt þing kemur saman. Varaformaður er Jónína Rós Guðmundsdóttir. - kóp

Kosið í Þýskalandi í gær:

## Fylgistap hjá flokki Merkel

**ÞÝSKALAND** Flokkur Angelu Merkel kanslara Þýskalands tapaði verulegu fylgi í kosningum í sambandsríkinu

Mecklenburg-Vorpommern í gær. Útgönguspár bentu til þess að Kristilegi demókrataflokkurinn, flokkur Merkel, hlýti 24 prósent atkvæða. Það er tæpum fimm prósentum minna en í síðustu kosningum.

Samkvæmt spánum hlýtur Jafnaðarmannaflokkurinn 37 prósent atkvæða, Vinstriflokkurinn 17 prósent og Græningjar 8,5 prósent.

- þeb



ANGELA MERKEL

Vatíkanið hafnar ásökunum írska forsætisráðherrans í barnaniðsmáli:

## Segist ekki hafa skipt sér af

**ÍRLAND** Vatíkanið neitar að hafa reynt að þagga niður barnaniðsmál á Írlandi, eins og írski forsætisráðherrann Enda Kenny hefur sagt.

Skýrsla um þöggun á kynferðisbrotamálum innan katólsku kirkjunnar varð kveikjan að ræðu sem Kenny hélt í írsku þinginu í júlí, þegar skýrslan kom út. Þá sagði hann kirkjuna meta eigið orðspor meira en þolendur ofbeldis. Kirkjan hafi eyðilagt tilraunir írskra biskupa til þess að tilkynna um barnanið til lögreglu. „Lítið var gert úr nauðgunum og pyntingum á börnum til þess að viðhalda stofnuninni, valdinu og orðsörnu.“

Í tilkynningu frá Vatíkaninu segir að þó kirkjan sé full skammarr og sé sorgmædd yfir málinu eigi þessar áskanir ekki við rök að styðjast. Skýrslan sýni mikil



**FORSÆTISRÁÐHERRANN** Enda Kenny forsætisráðherra hélt ræðu í kjölfar skýrslunnar og sagði kirkjunni vera meira umhugað um eigið orðspor en fórnarlömb ofbeldis.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

mistök í stjórnskipulagum og hlutlausum ábendingum um hvernig hægt sé að koma í veg fyrir kynferðislega misnotkun á börnum vel.

- þeb

ÆGIR

TILBOÐ  
849.000,-kr.



**ÆGISVAGN**  
Tilboð kr. 849.000  
(fullt verð kr. 1.279.000)

Erum að selja leiguvagna frá því í sumar, allt 2011 vagnar með fortjaldi og yfirbreiðslu

KÍKTU VIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP  
TAKMARKAÐ MAGN



SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

# Farðu alla leið með iPhone!



**6.990 kr.** í 18 mán.

**iPhone 4 16 GB\***

**3.000 kr. símnotkun á mán.  
í 12 mánuði fylgir!**

Staðgreitt svartur: 124.990 kr.

Staðgreitt hvítur: 129.990 kr.

\*Hvítur iPhone: 5.000 kr. útborgun.

**3.000 kr.  
símnotkun á  
mánuði í 12  
mán. fylgir  
iPhone 4  
hjá Nova!**

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla,  
MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919  
[www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

3.000 kr. símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	114,12 114,66
Sterlingspund	185,00 185,90
Evra	162,58 163,48
Dönsk króna	21,821 21,949
Norsk króna	21,141 21,265
Sænsk króna	17,820 17,924
Japanskt jen	1,4855 1,4941

SDR 182,53 183,61

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
218,6882  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félagið Göngum saman safnaði fé fyrir krabbameinsrannsóknir í árlegri göngu:

# Fjölmenni í styrktargöngu

**SAMFÉLAGSMÁL** Árleg fjáröflunarganga styrktarfélagssins Göngum saman fór fram í gær. Gengið var á ellefu stöðum á landinu og tóku hátt í þúsund manns þátt. Göngufólk greiddi þátttökugjald sem rennur í styrktarsjóð félagsins en í október mun það veita íslenskum rannsóknaraðilum styrki.

Það verður í fimmta skipti sem félagið veitir styrki og hefur það samtals úthlutað 17 milljónum króna til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini.

Fjölmennasta gangan í gær var í Reykjavík þar sem gengið var frá íþróttasvæði Vals að Hlíðarenda. - mþl



GANGAN Í GÆR Fjölmenni var saman komið að Hlíðarenda í gær.

Hlaut opið beinbrot:

# Ung stúlka fest-ist í tívolítæki

**SLYS** Níu ára gömul stúlka hlaut opið beinbrot og ljóta áverka á hendi þegar hún festi handlegg í tívolítæki á laugardag. Slysið varð á hátíðarsvæði Ljósanætur í Reykjanesbæ.

Stúlkan var flutt með sjúkrahúsi til Reykjavíkur þar sem hún gekkst undir aðgerð. Tívolítækið var tekið úr umferð um hríð í kjölfar slyssins en var aftur tekið í notkun eftir að breytingar höfðu verið gerðar á því, að því er fram kemur á vef Víkurfrétta. - mþl



**KOMIN TIL PARÍSAR** Strauss-Kahn og Sinclair brostu við heimkomuna. Strauss-Kahn bíður nú kæra vegna annarrar nauðgunartilraunar í heimalandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Strauss-Kahn farinn heim: Snúinn aftur til Frakklands

**FRAKKLAND, AP** Dominique Strauss-Kahn snéri aftur til Frakklands í gær, eftir að hafa verið í farbanni í Bandaríkjunum síðan í maí vegna nauðgunarkæru.

Strauss-Kahn og eiginkona hans, Anne Sinclair, brostu og veifuðu til fólks á Charles de Gaulle flugvelli snemma í gærmorgun. Þau ræddu hins vegar ekki við mikinn fjölda blaðamanna sem elti þau. Hjónin ætluðu til Frakklands með sama flugi þann 14. maí síðastliðinn en þá var Strauss-Kahn handtekinn um borð í vélinni ásakaður um nauðgun. Málið gegn honum var látið niður falla í lok ágúst. - þeb

### SLYS

#### Ekið á 10 ára dreng

Ekið var á tíu ára gamlan dreng í Laugardalnum í Reykjavík um miðjan dag í gær. Drengurinn lærleggsbrotnaði og var umsvifalaust fluttur á slysaðeild, að sögn lögreglu.

# Óttast um öryggi óbreyttra borgara

Líbískir uppreisnarmenn segja að samningaviðræður um bæinn Bani Walid hafi ekki borið árangur. Þeir vildu fara friðsamlega inn í bæinn, sem er á valdi stuðningsmanna Gaddafís. Óttast mikið mannfali í bænum komi til átaka.

**LÍBÍA** Uppreisnarmenn í Líbíu segjast óttast um aðdrif óbreyttra borgara í bænum Bani Walid, ráðist þeir inn í hann. Búið er að umkringja bæinn en uppreisnarmenn sögðust vilja ná honum án valdbeitingar. Viðræður við stuðningsmenn Gaddafís, sem ráðið hafa bænum, báru þó ekki árangur í gær.

Uppreisnarmenn segjast hræddir við að óbreyttir borgarar verði notaðir sem manngjafir skildir fyrir stuðningsmenn Gaddafís. Fólki hefur verið ráðlagt að fara hvorki inn í né út úr bænum og íbúar eru hvattir til að halda sig heima.

Takist uppreisnarmönnum að ná Bani Walid á sitt vald eru þrjár borgir og bæir eftir á valdi manna Gaddafís. Það eru Jufra, Sabha og heimabær Gaddafís, Sirte.

Samningamaður uppreisnarmannanna, Abdullah Kenchil, ræddi við breska ríkisútvarpið í gær og sagði að reynt hefði verið að fá stuðningsmenn Gaddafís í bænum til að leggja niður vopn. „Við viljum ekki að neitt komi fyrir fólk í Bani Walid. Við viljum fara inn í friði og að fólk verði öruggt.“

Orðrómur hefur verið uppi um að tveir sona Gaddafís hafi hafst við í bænum en séu farnir þaðan. Saif al-Islam er sagður hafa farið þaðan á laugardag. Þá segjast uppreisnarmennirnir nú vissir um að Khamis, einn sonur Muammars Gaddafí, sé látinn.



**BEÐIST FYRIR** Uppreisnarmenn, sem manna þessa óformlegu varðstöð á milli bæjanna Tarhouna og Bani Walid í Líbíu, biðjast fyrir. Uppreisnarmennirnir hafa nú umkringbt bæinn Bani Walid. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann hafi verið drepinn í átökum í grennd við Trípólí og grafinn í nágrenni Bani Walid. Tvisvar áður hefur dauða Khamis verið lýst yfir. Enn er ekki vitað hvar Muammars Gaddafí sjálfur heldur sig. Talsmaður hans sagði í símaviðtali í gær að hann væri þó enn í Líbíu, og væri umkringdur stuðningsmönnum sínum. Í gær komu einnig fram fréttir um að uppreisnarmennirnir viti hvar hann er niðurkominn.

NATO gerði loftárásir á hern-

adarmannvirki, á lögreglustöð og nokkur önnur skotmörk í nágrenni Sirte um helgina. Einnig voru loftárásir gerðar á Hun, sem er í eyðimörkinni á milli Sirte og Sabha auk þess sem vopnageymsla var sprengd upp í nágrenni Bani Walid.

Utanríkisráðherra Ítalíu varaði í gær við því að Vesturlönd gerðu sömu mistök í Líbíu og gerð voru í Írak. Ekki megi eyðileggja stjórnkerfið eins og gert hafi verið þar.

thorunn@frettabladid.is

Bjóða út bráðabirgðabréu:

## Vaðlaheiðargöng undirbúin

**FRAMKVÆMDIR** Vegagerðin hefur boðið út bráðabirgðabréu yfir Hringveginn við fyrirhugaðan munna Vaðlaheiðarganga. Ekki er heimilt að loka Hringvegnum á meðan á framkvæmdum stendur.

Skrifað var undir samning um Vaðlaheiðargöng 17. ágúst á milli fjármálaráðuneytisins og Vaðlaheiðarganga ehf., en fyrirtækið er að 51 prósentu í eigu Vegagerðarinnar. Ríkissjóður mun kaupa skuldabréf á Vaðlaheiðargöngum, en það verður endurgreitt með innheimtu veggjalda.

- kóp

Forsætisráðherra og SA deila:

## Segir SA fara með fleipur

**EFNAHAGSMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra visar gagnrýni Samtaka atvinnulífsins (SA) á bug, en samtökin töldu að Jóhanna hefði farið með rangar tölur á þingi um hlut launa í landsframléiðslu.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Ráðherra visar í tölur Hagstofunnar máli sínu til stuðnings. Þær sýni að launagreiðslur í heild hafi staðið í stað frá 2007, en vergur rekstrarafgangur hafi aukist um 250 milljarða króna. Hlutur fyrirtækja hafi því aukist um þá upphæð en hlutur launþega staðið óbreyttur. Því standi þau orð að hlutur launa í framléiðslu hafi aldrei verið lægri, 59 prósent nú miðað við yfir 72 prósent árið 2007. - kóp

# BRIDS SKÓLINN

**Byrjendur... 26. sept. ... 8 mánudagar frá 20-23**  
**Framhald ... 28. sept. ... 8 miðvikudagar frá 20-23**

- Á haustönn er boðið upp á hefðbundið námskeið fyrir **byrjendur** og framhaldsnámskeið fyrir **lengra komna**.
- Hægt er að mæta **stakur**, í pari eða í hóp.
- Námskeið skólans eru haldin í húsnæði Bridssambands Íslands, **Síðumúla 37** í Reykjavík.
- Mörg stéttarfélag styrkja þátttöku félagsmanna sinna.
- Sjá nánar á Netinu undir **bridge.is/fræðsla**.

Uppl. og **innritun** í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.

## VEÐURSPÁ


**Snjólaug Ólafsdóttir**  
veðurfréttamaður

**KÓLNAR** Rólegt en dálítill væta í dag og á morgun. Hvessir á miðvikudag með rigningu N- og A- lands og kólnandi veðri. Aðfaranótt fimmtudags má búast við næturfrostri og gæti þá fallið snjór í innsvæitum. Er ekki fullsnemmt fyrir jólasnjóinn?

Á MORGUN víða 3-8 m/s.  
MIÐVIKUDAGUR víða 5-15 m/s

HEIMURINN	°C
Alicante	30°
Basel	20°
Berlín	21°
Billund	19°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	27°
London	19°
Mallorca	28°
New York	25°
Orlando	31°
Ósló	20°
París	21°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.




# Stærsta (og besta) ráðstefnan í UT

//09.09.2011



7.45	Skráning					
8.10	Setning - Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr					
8.20	Lykilræða - Hilmar Veigar - Samruni Dust 514 og Eve Online					
9.10	Morgunhressing og ráðstefnu skipt upp					
	VERSLUN & VIÐSKIPTI	STJÓRNENDALÍNA	SAMSKIPTALOUSNIR	REKSTUR & ÖRYGGI	RAFRÆN STJÓRNSÝSLA	BLAND Í POKA
9.20	Öruggar greiðslur á ferðinni Freyr Ólafsson - Handpoint	Mótun tæknistefnu Sigríður Olgeirsdóttir - Íslandsbanki	Stjórnun viðskiptatengsla - markviss leið til að hámarka tryggð viðskiptavina Friðrik Larsen - Háskólinn í Reykjavík	Microsoft System Center Jónas Gylfason - Skýrr	Framtíðin er hér! Rafrænar undirritanir skjala Sigurður Másson - Skýrr / Haraldur Bjarnason - Auðkenni	Góðkunningjar lögreglunnar á Facebook Stefán Eiríksson - Lögreglan
10.05	Vefverslun 101 Ólafur Sverrir Kjartansson - Skýrr	At the Tipping Point of Finance Santosh Katoor - SAP	Hjalte G. Hjartarson - Skýrr	Websense Sverrir Hákonarson - Websense	Sparað með Ísland.is Halla Björg Baldursdóttir - Þjóðskrá	Viðhorf starfsmanna til vinnuveitandans: Ólík áhrif kreppunnar Ásta Bjarnadóttir - Háskóli Íslands
10.50	Rafrænn vinnustaður með ÓPUSallt 2011: Kysstu pappírinn bless! Birgir Kaldal Kristmannsson og Guðlaug Baldvinsdóttir - Skýrr	EMC Strategy and Best Practices EMC	Aðgengi að þekkingu, upplýsingum og skjölum Sigvaldi Óskar Jónsson - Skýrr	Örugg auðkenning, mobile Tom Widegren - Active Identity	Markvisst ráðningarferli með Umsökna- og ráðningakerfi Skýrr Starkaður Örn Arnarson - Skýrr	Decision Theory og útvistun Þóroddur Víkingur Friðgeirsson - Háskólinn í Reykjavík
12.10	Yfirsýn og aðhald með NAV sérkerfum Erna Valdís Sigurðardóttir	Turn vision into reality with the New SAP Business Objects EPM 10 Michael Plenov - SAP Denmark	Tíma-/árangursstjórnun með Microsoft Office Halldór Jörgenarson & Gunnar Karl Nielsson - Microsoft Ísland	Útvistun í íslenskum þjónustufyrirtækjum Ingi Rúnar Eðvarðsson - Háskóli Íslands	Rafrænar innkaupasamningar í Oracle (Oracle Procurement Contracts) Jon Nordstletten - Oracle	Sjálfstýrði kaftaturinn Freyja Jón Guðnason & Stefán Freyr Stefánsson - Háskólinn í Reykjavík
12.55	NAV7 & Cloud Per Christensen - Microsoft	TARGIT - BI in general using the CALM philosophy Morten Middelfart - Targit	SharePoint - tilbúna lausnir Sigvaldi Óskar Jónsson - Skýrr	Hvernig geymir þú gögnin þín? Martin Conway - Primus	Rafrænar kosningar Sigurður Másson - Skýrr	Skrifstofan í skýninu, Office 365 Jón Heiðar Þorsteinsson - Skýrr
13.40	Microsoft ERP systems and SharePoint Frode Kjærnsmo - Hands AS	Process Improvement & Error Reduction with Oracle GRC Steve Hagner - Director, GRC Sales Development Oracle EMEA	Unified Communications with Lync Mikael Bohlin & Fredrik Blid - Kerfi AB	En hvað eru tölvuský? Ýmir Vigfússon - Háskólinn í Reykjavík	Eigum við að dansa? - samvirkni er lykill að árangri í rafrænni þjónustu Arnaldur F. Axarfjörð - Fjármálaráðuneytið	Öruggar töflur - IPAD/Android þróun Fredrik Norén - Cryptzone
14.30	AX Retail Verslunarlausn frá Microsoft - Forskot til framtíðar Valgeir Smári Óskarsson - HugurAx	Alcoa og BI - Reynslusaga Óskar Borg - Alcoa/Fjarðaál & Ólína Laxdal - Skýrr	Mobile vefur Kjartan Sverrisson - 365	VMware Cloud Infrastructure - vSphere 5 update Jakob Will Thomsen - WMMWare	Rafrænt viðskiptaumhverfi Landspítala Halldór Ó. Sigurðsson - LSH	Upplýsingaleki Tryggvi Jónsson - Deloitte
15.15	LS Retail - m.a. innleiðing á CRM partner portal Magnús Norðdahl - LS Retail	Mannauðsvörubús Landspítala opnar nýjar dyr Ólafur Svansson - LSH	Skilvirkara vefþjónustulag Grettir Einarsson - Skýrr	Örugg skjöl - Dulritun skjala Malcolm Hamilton - Cryptzone	Afstemming í ORRA Jón Bjarni Emilsson - Skýrr	Hönnun er hjartans mál Guðmundur Bjarni Sigurðsson - Kosmos & Kaos
16.00	Webmethods: Accounting Integration Paresh Mandloi	Að skilja heiminn með myndum og grafík Ólafur Svansson - Datamarket	Apps fyrir snjallsíma Helgi Pjetur Jóhannsson - leggja.is	Með höfuðið í skýjunum og fætur á jörðinni Nils Roald - Trend	Oracle verkefnastjórnun og verkþókhald Sigurþór - Vegagerðin	Árangursrík notkun opins hugbúnaðar í krefjandi rekstrarumhverfi Þórir Már Einarsson og Stefán Baxter - VÍS
16.45	Lykilræða - Jeff Wieland - Gildi Facebook og vinnuferlar					
17.45	Lokahóf Hausráðstefnu Skýrr 2011 - léttar veitingar og tónlistarflutningur					



Föstudaginn 9. september 2011 á Hótel Hilton  
Skráning: [skyr.is](http://skyr.is)

<Hausráðstefna>  
**SKÝRR**



Hafa verðkannanir áhrif á það hvar þú kaupir í matinn?

Já	61,7%
Nei	38,3%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Styður þú byggingu hátækni-sjúkrahúss í miðbænum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Arababandalagið þrýstir á sýrlensk stjórnvöld að hætta árásum á almenna borgara:

# Mikið mannfall í Sýrlandi síðustu daga

**SÝRLAND, AP** Fjöldi fólks lét lífið í mótmælum í Sýrlandi um helgina og margir til viðbótar voru handteknir. Alþjóðanefnd Rauða krossins er í höfuðborginni til að skoða aðbúnað særðra og aðgang að þeim sem eru í haldi lögreglu.

Sex hermenn voru meðal þeirra sem létust í gær. Vopnaður hópur manna er sagður hafa gert skyndiárás á rútu og drepið sex hermenn og þrjá óbreytta borgara. Sautján til viðbótar særðust í árásinni. Þrír árásmannanna voru skotnir til bana í átökum eftir árásina. Mótmælendur segja að þrjátíu manns

hafi verið drepnir síðan á föstudag. Leiðtogi Arababandalagsins, Nabil al-Arabi, ætlar að heimsækja landið í vikunni. Heimsókninni er ætlað að setja frekari þrýsting á stjórnvöld í Damaskus að gera breytingar og hætta árásum á óbreytta borgara. Óvíst er þó hversu mikil áhrif heimsóknin mun hafa og hversu miklum þrýstingi bandalagið er tilbúið að beita.

Evrópusambandið bannaði á föstudag innflutning á olíu frá Sýrlandi. Bandaríkin hafa þegar gert slíkt hið sama auk þess sem kallað hefur verið eftir afsögn Assads forseta.



**MÓTMÆLT** Mótmælendur í Kfar Nebel í Sýrlandi halda á borða sem stendur á „ef við höfum ekki olíu eins og Írak og Líbía, eigum við þá ekki skilið að lifa?“

# Sjö tilkynningar hjá söfnuði Votta Jehóva

Alls hefur sjö sinnum verið tilkynnt um kynferðisbrot innan Votta Jehóva síðan 1960, þar af þrjú síðan 1990. Eitt mál var kært til lögreglu. Forstöðumaður safnaðarins getur ekki tilgreint hversu margar tilkynningar vörðuð börn.

**SAMFÉLAGSMÁL** Öldungaráð Votta Jehóva hefur fengið sjö tilkynningar um kynferðisbrot inn á borð til sín síðan árið 1960. Eitt málið var kært til lögreglu, en var vísað frá. Er þetta töluvert meiri fjöldi heldur en tilgreindur er hjá hinum fjórum trúfélögum sem segja í svari sínu til fagráðs innanríkisráðuneytisins um kynferðisbrot innan trúfélaga að mál af þessu tagi hafi verið tilkynnt. Þetta er að Krossinum undanskildum, en sjö konur kærðu Gunnar Þorsteinsson, fyrrum forstöðumann Krossins, fyrir kynferðisbrot gegn sér. Því máli var einnig vísað frá.

Tilkynnt hefur verið um kynferðisbrot hjá fimm af þeim fjórtán trúarsöfnuðum sem hafa svarað fyrirspurninni og hefur Fréttablaðið afrit af svörum undir höndum. Í bréfi Votta Jehóva til fagráðsins segir að ef komi fram ásökun um kynferðisbrot gegn barni innan safnaðarins sé málinu strax vísað til yfirvalda. Hins vegar ef ásökunin er gerð af fullorðnum einstaklingi verði þau mál ekki tilkynnt.

Bjarni Jónsson, forstöðumaður Votta Jehóva á Íslandi, getur þó ekki svarað því hversu mörg af þeim sjö málum sem hafa komið upp, séu kynferðisbrot gegn börnum. Hann telur þó fullvíst að það sé ekki í öllum tilvikum.

„Það er ekki haldið neitt bókhald, slíkt er ekki heimilt samkvæmt persónuverndarlögum. Því er ekki hægt að vita hversu mörg brotanna voru gegn börnum,“ útskýrir Bjarni.

Ef meðlimur safnaðarins telur að á sér hafi verið brotið er viðkomandi hvattur til að ræða við þann sem á honum braut. Virki það ekki, er brotþoli hvattur til að taka annan með sér á fundinn.

Bjarni telur ólíklegt að Vottar Jehóva setji á fót fagráð um meðferð kynferðisbrota. Spurður hvort hann telji rétt að söfnuðurinn komi á fót fagráði um meðferð kynferðisbrota segir Bjarni að slíkt gæti reynt afar erfitt hjá svo smáum söfnuði. Um 300 manns eru virkir



**KIRKJUPING Í VOR** Þjóðkirkjan setti aukakirkjuping í vor til að ræða þá nýttkomna skýrslu rannsóknarnefndar um kynferðisbrot innan trúfélagsins. Fagráð um meðferð kynferðisbrota hefur verið starfrækt hjá þjóðkirkjunni síðan 1998.

## Fjórtán svör

Alls hafa fjórtán trúfélög svarað fyrirspurn fagráðs innanríkisráðuneytisins um meðferð kynferðisbrota innan félagsins. Flest sýndu jákvæð viðbrögð við stofnun fagráðs eða setningu verklagsreglna um slíkt. Einstaka trúfélög starfa nú þegar með öðrum samtökum; Búddista-samtökin SGI starfa með Drekaflóð og Filadelfía með Blátt áfram. Þau trúfélög sem hafa svarað:

- Bahá'í
- Boðunarkirkjan
- Filadelfía
- Fríkirkjan í Hafnarfirði
- Fríkirkjan í Reykjavík
- Fyrsta baptistakirkjan
- Íslenska Kristskirkjan
- Kirkja hins upprisna lífs
- Kirkja sjöunda dags aðventista
- Krossinn
- Óháði söfnuðurinn
- SGI á Íslandi
- Serbneska rétttrúnaðarkirkjan
- Vegurinn

innan hans en 700 skráðir. Einnig telur hann að erfitt sé að skilgreina fagráð sem slíkt.

„Það er túlkunaratriði hvernig svona fagráð er skilgreint. Ef maður flettir því upp í orðabók er

það ekki einu sinni til,“ segir Bjarni. „Það virðist vera vaxandi tilhneiging til þess að setja svokölluð kynferðisbrot, sem er líka svölitið óljóst hvernig eru skilgreind, í svona ferli.“

sunna@frettabladid.is

## Brot hafa verið tilkynnt hjá 5 félögum

### Boðunarkirkjan

Fyrir nokkrum árum kom upp mál í samfélagi Boðunarkirkjunnar þar sem stúlka undir lögdri var áreitt kynferðislega af eldri einstaklingi sem var að vinna með unga fólkinu í söfnuðinum. Þegar málið kom upp var manningum víkið úr starfi. Eftirmálar voru í höndum foreldra stúlkunnar og lögræðings þeirra. Kirkjan kom ekki frekar að málinu. Vinnur með Kirkju sjöunda dags aðventista og notar þeirra starfsreglu.

### Krossinn

Búið er að tilkynna kynferðisbrot innan safnaðarins og hafa þau verið kærð til lögreglu. Málunum hefur verið vísað

frá. Reynt hefur verið að koma á fót fagráði, en það gekk ekki. Miklar vonir eru bundnar við sameiginlegt fagráð.

### Andlegt þjóðarráð Bahá'ía á Íslandi

Mál hafa komið upp þar sem meðlimir samfélagsins hafa gerst brotlegir eða verið ásakaðir um kynferðisbrot. Engar ásakningar hafa komið fram gegn embættismönnum. Aðeins þeir sem eru með hreint sakavottorð fá að kenna börnum, nema í undantekningartilvikum. Hafi viðkomandi orðið uppvís að kynferðisbrotum gegn börnum eru undanþágur ekki veittar.

### Filadelfía

Fyrir um 15 árum sýndi karlmaður í embættisstöðu af sér ósæmilega hegðun með því að vera með ástarjafningar gagnvart yngri konu. Hún tilkynnti málið og manningnum var víkið úr embætti. Siðferðisráð var stofnað á áttunda áratugnum sem þjónar hreyfingunni á landsvísi. Samstarf við Blátt áfram var hafið síðasta vetur.

### Vottar Jehóva

Sjö kynferðisbrotamál hafa komið upp síðan 1960. Polendum er bent á að leita til öldungaráðs safnaðanna.



Upplýsingar og skráning:  
544 4500 / www.ntv.is

## HAGNÝTT KVIKMYNDANÁM AUGLÝSINGA- OG STUTTMYNDAGERÐ

HUGMYND - HANDRIT - TÖKUR  
KILIPPING - FRÁGANGUR

### FYRIR ÁHUGAFÓLK - KENNT AF FAGFÓLKI

Ef þú ert ein(n) af þeim sem vilt læra með því að framkvæma þá er þetta námskeið fyrir þig. 222 stundir af “hands-on” námi, kennt af fagfólki úr auglýsinga- og kvikmyndageiranum. Hver nemandi gerir bæði auglýsingu og stuttmynd meðan á námskeiðinu stendur.

Ítarlega lýsingu á námskeiðinu er að finna á vefsíðu NTV

**Kvöld- og helgarnámskeið hefst 13. september og lýkur 8. des.**

Lengd: 222 stundir - Verð: 429.000 kr.  
Sérkjör fyrir atvinnulausa (sjá ntv.is)



Ertu að leita  
upplýsinga?  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)



Way of Life!



**Mest seldi jeppinn á Íslandi s.l. 3 ár**

# Traustur ferðafélagi

**Suzuki Grand Vitara er á heimavelli hvort sem er á hálendisvegum  
eða í borgarumferðinni.**

Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Kemur  
nú með nýrri öflugri og sparneytinni 2,4L  
vél sem gerir góðan bíl enn betri.  
Suzuki – skynsamleg kaup, hagkvæmur  
rekstur.

Grand Vitara Premium+ 2,4L 169 hö,  
beinskiptur verð kr. 4.980.000  
Grand Vitara Premium+ 2,4L 169 hö,  
sjálfskiptur verð kr. 5.290.000

**Gerðu samanburð**

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**



**SUZUKI**

**TRAUST UMBOÐ  
Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • [WWW.SUZUKI.IS](http://WWW.SUZUKI.IS)

## FRÉTTASKÝRING: Kosningar í Danmörku

## Innflytjendamálin ekki lengur málið

Skoðanakannanir sýna enn yfirburði vinstri flokkanna í Danmörku, nú þegar rétt rúm vika er eftir til kosninga, eftir þriggja kjörtímabíla samfellda stjórnartíð hægri manna. Efnahagsvandi ríkisins yfirgnæfir önnur kosningamál.

Svo virðist sem hörð útlendingastefna virki ekki lengur vel til atkvæðaveiða í Danmörku. Samkvæmt skoðanakönnunum virðast Danir almennt komnir á þá skoðun að hún sé nógu ströng nú þegar.

Minnihlutastjórn Venstre og Íhaldsflokksins hefur verið við völd í áratug, með stuðningi Danska Þjóðarflokksins. Þessi stjórn hefur því haft nægan tíma til að koma í framkvæmd helstu málum sínum, sem ekki síst snerust um að setja innflytjendum í Danmörku strangari skorður.

Meðal annars var stofnað sérstakt aðlögunarmálaráðuneyti, sem hefur það hlutverk að halda utan um mál innflytjenda og útlendinga. Umdeildar voru einnig reglur, sem settar voru um að útlendingur geti ekki gifst Dana

nema báðir einstaklingarnir hafi náð 24 ára aldri.

Vinstri flokkarnir vilja draga í land í þessum efnunum, meðal annars bæði leggja niður aðlögunarmálaráðuneytið og fella niður 24 ára regluna.

Núna er það fyrst og fremst efnahagsvandi þjóðarinnar sem brennur á kjósendum frekar en innflytjendamálin. Stóru kosningamálin snúast um leiðir til að draga úr ríkisútgjöldum og auka tekjur ríkisins.

Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra, formaður Venstre, ákvað seint í ágúst að kosningar skyldu haldnar 15. september, nokkrum vikum áður en kjörtímabil stjórnarinnar rennur út, sem er í nóvember næstkomandi.

Skoðanakannanir hafa síðan verið birtar nánast daglega og sýndu strax yfirburði vinstri flokkanna. Þeim hefur verið spáð 92 til 95 þingsætum af 175, en nú allra síðustu daga hefur forskot vinstri flokkanna reyndar minnkað eitthvað.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun treysta flestir Lars Løkke Rasmussen til að vera forsætisráðherra áfram, eða tæp 20 prósent, en næst mesta traustsins nýtur Margrethe Vestager, leiðtogi Róttæka flokksins.



HELLE THORNING-SCHMIDT Leiðtogi Sósíaldemókrata gerir sér vonir um að verða forsætisráðherra fyrstu stjórnar vinstri flokkanna í áratug. NORDICPHOTOS/AFP

Helle Thorning-Schmidt, leiðtogi Sósíaldemókrataflokkans, þykir engu að síður líklegust til að verða næsti forsætisráðherra í krafti þess að vera formaður stærsta flokks vinstri flokkarinnar.

Enn sem komið er er vart sjáanlegt að hið óvænta bandalag smærri stjórnarflokksins, nefni-

lega Íhaldsflokksins, við Róttæka flokkinn, sem er vinstra megin í kosningalitrófinu, um náði samstarf eftir kosningarnar, muni hafa veruleg áhrif á kjósendur.

Báðir flokkarnir líta á sig sem miðjuflokka og bandalag þeirra raskar þeirri tvískiptingu danskra stjórnálflokka í hægri flokk og

vinstri flokk, sem lengi hefur verið ráðandi í danskri stjórnálflokkum.

Guðsteinn Bjarnason  
gudsteinn@frettabladid.is



## Karlaleikfimi í Kramhúsinu við Skólavörðustíg.

Hörkugóðir leikfimistímar þar sem áhersla er lögð á að auka þrek, liðka og styrkja bak, kvið, fætur og handlegg. Góðar og nauðsynlegar teygjur og jafnvægisæfingar eru gerðar í hverjum tíma.

Bætt líkamsstaða, aukinn styrkur og liðleiki er meðal þess sem þú munt uppskera.



Kennari  
Sóley Jóhannsdóttir


- Nýtt 15 vikna námskeið hefst 13 september
- Tímarnir eru á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 07.15

Allar frekari upplýsingar eru veittar í síma 822-7772 eða á netfangið [soley@studiosoleyjar.is](mailto:soley@studiosoleyjar.is)

### Flokkarnir í Danmörku

Vinstri blokkin

Hægri blokkin



Ráðstefna um fjármálalæsi Þjóðmenningarhúsinu, 9. september 2011 kl 9:15 – 14:30

# Fjármálablinda - þörf á framtíðarsýn

Átak um bættu fjármálavitund í samfélaginu. Finnum leiðir til að efla fjármálalæsi á Íslandi.

Á meðal fyrirlesara er dr. Adele Atkinson, einn helsti sérfræðingur heims um fjármálalæsi.

Ráðstefnan er öllum opin og er aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig með tölvupósti á netfangið [skraningar@ru.is](mailto:skraningar@ru.is).

Sjá nánari upplýsingar og dagskrá á [www.fe.is](http://www.fe.is)



EfNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ



SAMTOK ATVINNULÍFSINS

Arion banki

Íbúðalánasjóður

Stofnun um fjármálalæsi



Skráðu þig á póstlistann á [www.promennt.is](http://www.promennt.is) og þú gætir unnið 100.000 kr. námskeið að eigin vali

BOÐIÐ UPP Á FJARKENNSLU

# Sérfræðinám

Haustönn 2011

## » Microsoft Sharepoint Server 2010

### » Configuring and Administering

Á námskeiðinu er farið í innleiðingu og kerfisstjórnun í SharePoint 2010 ásamt eftirfylgni og stjórnun notenda.

Hefst 19. september Verð 299.000 Lengd: 50 std.  
Innifalið í verði námskeiðs eru öll kennslugögn.

### » Power Users

Á námskeiðinu er farið í alla eiginleika SharePoint 2010 og eiga nemendur að geta unnið með eftirfarandi atriði að loknu námskeiði:

- Lists and sites
- List Management tasks
- Permissions and SharePoint Foundation sites

Hefst 27. september Verð 179.000 Lengd: 30 std.  
Innifalið í verði námskeiðs eru öll kennslugögn.

## » Windows Infrastructure Hardening

Þriggja daga mjög krefjandi námskeið þar sem farið er í hvernig skal herða upp á öllum lausum skráfum í kerfinu þínu.

### Námskeiðið skiptist í þrjá hluta:

**Dagur 1.** Internal Windows Security

**Dagur 2.** Enterprise Security

**Dagur 3.** Internet Services Security.

Hefst 10. okt Verð 177.000 Lengd 30 std.  
Kennari er Paula Januszkiewicz

## » Implementing Forefront Threat Management Gateway 2010

Á þessu tveggja daga námskeiði öðlast nemendur kunnáttu í að skipuleggja, hanna og innleiða web access, remote access og mail protection lausnir með því að nota Microsoft Forefront Threat Management Gateway 2010 (TMG).

Hefst 3. okt Verð 177.000 Lengd 30 std.  
Kennari er Paula Januszkiewicz

## » Deploying and Administering Microsoft Forefront Client Security

Þetta þriggja daga námskeið byggir upp kunnáttu í bæði innleiðingu og stjórnun Microsoft Forefront Client Security. Námskeiðið er ætlað tæknimönnum sem koma að innleiðingu og rekstri upplýsingakerfa

Hefst 6. okt Verð 118.000 Lengd 20 std.  
Kennari er Paula Januszkiewicz

## » Árásarvarnir - 360° Penetration Testing Course

Á þessu tveggja daga námskeiði er farið í helstu hugtök er viðkoma öryggi netkerfa. Þar að auki eru kenndar aðferðir við að gera árás á netkerfi og hvernig verjast skal þeim með gagnárásum.

Hefst 13. okt Verð 118.000 Lengd 20 std.  
Kennari er Paula Januszkiewicz



## Tölvuskólinn Isoft- Þekking verður PROMENNT

Nýtt nafn á gömlum og traustum grunni. Þó ennþá sama kennitalan, sama frábæra fólkið, á sama staðnum og hér eru auðvitað áfram sömu flottu nemendurnir! Nánar á [promennt.is](http://promennt.is)



Allar nánari upplýsingar um námskeiðin má finna á [www.promennt.is](http://www.promennt.is)



# PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550  
[promennt@promennt.is](mailto:promennt@promennt.is) • [www.promennt.is](http://www.promennt.is)

Í Vallanesi er rekinn metnaðarfullur landbúnaður án ríkisstyrkja:

## Hugsað út fyrir rammann

Það er einstök og stórmerkileg upplifun að heimsækja lífræna býlið Vallanes á Fljótsdalshéraði, eins og lesa mátti út úr frásögn Svavars Hávarðssonar blaðamanns í helgarblaði Fréttablaðsins. Eymundur Magnússon bóndi hefur ekki aðeins breytt búskaparháttum í Vallanesi, hann hefur breytt veðrinu með því að gróðursetja milljón trjáplöntur og þannig skapað skjól og skilyrði fyrir stórfellda ræktun á korni og grænmeti. Kona Eymundar, Eygló Björk Ólafsdóttir, hefur reynslu af markaðssetningu matvöru bæði hér á landi og erlendis. Vallanesbúið nýtur þeirrar sérstöðu að vera í miklu og beinu sambandi við neytendur afurðanna og sömuleiðis þá sem nota þær í eigin framleiðslu, til að mynda matreiðslumeistara.

Margt er sérstakt við búskapinn í Vallanesi. Ábúendur þar hafa verið brautryðjendur í lífrænni ræktun, sem á klárlega framtíðina fyrir sér.

Hið beina samband við neytendur er sömuleiðis nokkuð sem hefur því miður ekki notið alltof mikilla vinsælda í íslenskum landbúnaði.

Afurðirnar úr Vallanesi eru framleiddar undir eigin vörumerki, Móðir náttúra, sem hefur fyrir löngu unnið sér sess hjá þeim sem vilja lífræna gæðavöru. Eymundur segir frá því að árum saman hafi hann í fjóra mánuði á ári, frá því í janúar og fram í apríl, staðið í verzlunum í Reykjavík og gefið fólki að smakka á vörnunni sinni.

Árangurinn er meðal annars sá að Íslendingar borða sextíu tonn af byggi af ökrunum í Vallanesi – mat sem fólk spurði á sínum tíma hvort væri ekki bara svinafóður.

Beint samband við neytendur hefur átt vaxandi fylgi að fagna í landbúnaðinum undanfarin ár. Nýsköpun og vöruþróun er talsverð, eins og hjá ísbændunum í Holtsseli í Eyjafjarðarsveit og á Erpsstöðum í Dölum. En fleiri bændur sætta sig við að afurðir þeirra renni beint inn í stór, miðstýrð sölukerfi og fáir sjá sér hag í því að standa í búðum og kynna gæðavöru fyrir kröfuhörðum neytendum eins og Vallanesbóndinn hefur gert árum saman. Hvort tveggja á auðvitað rétt á sér, en þróunin víðast hvar í nágrennalöndum okkar er þó sú að neytendur vilja gæðavöru sem þeir vita nákvæmlega hvaðan kemur og hvernig er búin til, fremur en fjöldaframleiðsluna.

Það hafa nánast verið viðtekin sannindi í íslenskum landbúnaði að ekki sé hægt að framleiða búvöru á Íslandi án ríkisstyrkja. Þess vegna vekur athygli að bygg og útíræktað grænmeti sé framleitt í Vallanesi án styrkja. Eymundur bóndi segir þau hjón ekki hafa áhuga á styrkjum, á sama tíma og þau berjast fyrir sjálfstæði sínu sem matvælaframleiðendur, þótt vissulega mætti jafna aðstöðumun hvað varðar t.d. aðgang að mörkuðum, ódýrri orku og fjarskiptum.

Vallanesfólkið hugsar augljóslega út fyrir rammann, sem sumum finnst einhvern veginn sjálfgefinn í íslenskum landbúnaði. Það er hvetjandi og uppörvandi fyrir þá sem hafa áhuga á blómlegri, hagkvæmri matvælaframleiðslu.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐI: Ari Ewald  
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Fjöröstur**

Prófaðu bragðgóða Fjöröstinn, fituminnsta kostinn í ostaúrvali dagsins.

**9% aðeins**

Ríkur af mysupróteínum

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Heimboðsstuðningurinn**  
 Nú hefur fjölmiðlaburðinn bankað upp á á Bessastöðum einu sinni sem oftast og verið sinnt með viðtali. Forseti vor Ólafur Ragnar Grímsson ræddi við Financial Times um helgina og fór þar mikinn. Hann átalði Bandaríkin fyrir stuðningsleysi við Ísland í deilum vegna Icesave og Evrópu sagði hann á heilu bretti (öðruvísi er ekki hægt að skilja notkunina á orðinu Evrópa) hafa brugðist Íslendingum í þeirri deilu. Þeir sem hins vegar voru helstu bandamenn Íslands í deilunni voru, að mati forsetans, Kínverjar og Indverjar. Óvíst er hvort sagnfræðingar

framtíðarinnar taka undir þessa sögu-skoðun, en meðal þess sem forsetinn tindi til var að Indverjar hefðu boðið honum heim í miðri deilu. Og ef það er ekki stuðningur að bjóða Ólafi Ragnari í te þá er stuðningur einfaldlega ekki til.

**Laumufarþegarnir**

Ekki er ólíklegt að einhverjir klóri sér í hausnum yfir orðum forsetans og enn líklegra er að mesta höfuðklórið verði að finna í Danmörku, Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Póllandi. Þetta voru nefnilega

löndin sem gerðu lánasamninga við Ísland í Icesave-deilunni, en eru, samkvæmt heimssýn Ólafs Ragnars Grímssonar, einhvers konar laumufarþegar í Evrópu.

**Samningar 101**

„Hvaða rétt höfum við Íslendingar til að draga 27 þjóðir í Evrópu að samningaborðinu bara til þess að sjá hvað kemur út úr viðræðunum?“ Svo spurði formaður Sjálfstæðisflokksins á þingi á föstudag. Svarið er einfalt: Allan rétt í heiminum. Ut á það ganga nefnilega samningaviðræður; að sjá hvað út úr þeim kemur. Það læra menn í Samningum 101.

kolbeinn@frettabladid.is

**SKOÐUN**

Ólafur P. Stephensen  
 olafur@frettabladid.is



**HALLDÓR**



## Staðráðin í að gera betur

**Þróunar-samvinna**

**Össur Skarp-héðinsson**  
 utanríkisráðherra

Við Íslendingar getum verið stoltir af framlagi okkar til þróunarsamvinnu í gegnum tíðina en í ár eru fjörutíu ár liðin frá því að Alþingi samþykkti lög um aðstoð við þróunarlönd. Við fögnum einnig þrjátíu ára afmæli Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem og tíu ára afmæli Íslensku friðargæslunnar sem hefur umsjón með framlagi Íslands til uppbyggingarstarfs og mannúðar- og neyðaraðstoðar á átaka-svæðum. Í þessi fjörutíu ár hefur mikill fjöldi Íslendinga unnið fórnfúst starf í þágu þróunarsamvinnu. Vinna þeirra er framlag Íslands til þess sameiginlega verkefnis allra þjóða að berjast gegn fátækt og hungri í heiminum.

En framlög hins opinbera til þróunarsamvinnu er bara ein hliðin á peningnum, hin hliðin er starf frjálsra félagsamtaka. Félagasamtök á Íslandi hafa um langt árabíl unnið ótulllega í þágu þróunarríkja og þeirra góða starf er lykilþáttur í okkar framlagi. Íslenskur almenningur bregst heldur ekki þeim sem eru þurfsandi á orlagastund. Þetta sjáum við með almennu stuðningi við þróunarsamvinnu og þegar við bregðumst við neyðaráköllum og tókum duglega höndum saman í landsöfnunum félagasamtaka.

Staðreyndir sýna að þróunarsamvinna skilar árangri. Það sanna tölur Sameinuðu þjóðanna glögglega. Barnadaði í veröldinni hefur farið hríðlækkandi, nær öll börn, stúlkur og drengir, eru nú skráð í grunn-skóla, og yfir milljarður manna hefur fengið aðgang að hreinu vatni. Árangurinn næst með sterkum vilja og streði fólksins sem vill bæta kjör sín og með markvissu þróunarstarfi.

Í sumar samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu mína sem felur í sér áætlun um þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2011 til 2014. Það var ánægjulegt að víðtæk sátt náðist meðal þingmanna allra flokka um þessa langtímaáætlun. Framlag Íslands til þróunarlöndanna felst fyrst og fremst í uppbyggingu á sviði mennta- og heilbrigðismála, með miðlun þekkingar á endurnýjanlegum orkugjöfum, sjálfbærum auðlindum sjávar, landgræðslu og jafnréttismálum. Á þessum sviðum kunnum við til verka og með því að einbeita okkur að þeim tryggjum við í senn að þróunarsamvinna Íslands komi að sem mestum notum og að fjármunir nýtist sem best. Með reynslu síðustu fjörutíu ára í farteskinu og langtíma-stefnu til framtíðar erum við Íslendingar staðráðnir í því að gera enn betur.

# Óbyggðirnar kalla

Í DAG

**Guðmundur Andri Thorsson**  
rithöfundur



Þegar Woody Guthrie var orðinn leiður á að heyra lag Irvings Berlin God Bless America samdi hann þjóðsöng hinna landlausu, This land is your land, um þá Ameríku sem allir eiga og þar sem engum óviðkomandi er bannaður aðgangur því að allir eru viðkomandi: This land was made for you and me. Eiginlega finnst mér þessi söngur svara því ágætlega hvað manni eigi að finnst um áform Huangs Nubo um kaup á Grímsstöðum á Fjöllum og landflæmi sem því tilheyrir að sögn. Þetta land er þitt land, þetta land er mitt land, frá Gerpi að Gjögri, frá Hofi að Hörpu ...

Eða kannski: Komi þeir sem koma vilja – fari þeir sem fara vilja – veri þeir sem vera vilja mér og mínum að meinalausu. Mitt er þitt og þitt er mitt – og hans og hennar og þeirra. Sum sé: Það kann að vera fagnaðarefni að aðvifandi maður skuli vilja skapa eitthvað einstakt og skemmtilegt þar nyrðra þó að ekki sé það nú kannski augljós afþreyingarkostur að bregða sér í golf á Grímsstaði á Fjöllum í nóvember – milli eljanna. Allt um það: sagan sem rakin var í Fréttablaðinu um helgina af Eymundi bónda í Vallarnesi er klassískt dæmi um það hversu hollt það getur verið þegar utanaðkomandi fólk sér möguleika lands sem heimamenn koma ekki auga á. Sagan af Thor Jensen á sínum tíma er önnur – Ottó Wathne og ýmsum öðrum útlenskum þjóðþrífamönnum. Rækti þeir sem rækta vilja.

En við höfum líka söguna af Baróninum á Hvítárvöllum og ýmsar aðrar sögur af gæfuleysi manna sem hér höfðu uppi stórkostleg áform sem einhvern veginn fuku út í veður og vind þegar komu „út fyrir kaupstaði íslenskt í veður,“ eins og Bjarni Thor hreytti út úr sér í kvæði sínu um Ísland.

Þarna gildir það sama og löngum: að hafa staðfasta trú á landinu og sér en ekki glórulausa, sjá það eins og það er en ekki í hillinum, dvelja ekki í skýjaborgum. Og hitt: að vera vinnusamur, vakinn og sofinn í því sem maður er að gera.

Við höfum ýmis átakanleg dæmi frá undanförunum árum um misheppnuð

sjá Huang Nubo í réttarsal veifandi Landnámu í landamerkjapjarki við Óbyggðanefnd? Er ekki eitthvað bogið við þessa ógnarlegu landflæmiseign sem hér hefur tíðkast frá ómunatíð?

Sagt var um mann: Honum varð allt að tuði, og svo maður taki upp það merki: Þarf þetta allt að vera svona stórkostlegt, svona stórbrotið, svona margir milljarðar? Erum við ekkert orðin þreytt á stórhug? Á milljarðafélögunum? Væri það alveg óhugsandi fyrir manninn að prófa sig kannski aðeins áfram fyrst með það hvernig hugmyndir hans ganga á Íslandi, hvernig honum gengur að vinna með þessari þrasgjörnu og mislyndu tuðþjóð?



En hvílíkt ógnarflæmi sem maðurinn ætlar sér að kaupa! Uppi á reginfjöllum! Í miðju einhvers allsherjar al-einskis. Skyldi maður þá kannski eiga von á því að sjá Huang Nubo í réttarsal veifandi Landnámu í landamerkjapjarki við Óbyggðanefnd?

jarðarkaup íslensku pappírsmannanna á umliðnum árum sem keypt hafa vildisjarðir og merkisstaði á uppsprengdu verði en síðan reynst þær landeyður að sinna þeim lítt. Yfir þessum kaupum höfum við glott af íslenskrum meinfýsi en þegar kemur kínverskur maður með fullar hendur fjár og vill ólmur breyta Grímsstöðum á Fjöllum í ferðamannaparadís segjum við humm. Er það alveg sanngjarnt? Kannski ekki. Kaupi þeir sem kaupa vilja.

En hvílíkt ógnarflæmi sem maðurinn ætlar sér að kaupa! Uppi á reginfjöllum! Í miðju einhvers allsherjar al-einskis. Skyldi maður þá kannski eiga von á því að

Kannski byrja á að kaupa gistiheimili á Egilsstöðum og reka það í tvö ár og sjá hvernig það gengur?

Komi þeir sem koma vilja. Erlend fjárfesting er okkur lífsnauðsyn. Og ekki bara peninganna vegna – aldrei er neitt bara „peninganna vegna“ því að peningar eru bara afl þeirra hluta er skal gera – heldur vegna þess að við þurfum utanaðkomandi framtak, dád og andrúmsloft. Íslenskt samfélag staðnar og trénaur upp og deyr úr leiðindum, fátækt og tuði ef það er ekki sífellt flæði milli þess og annarra ríkja sem komið hafa sér niður á manneskjulegt markaðskerfi eins og Evrópuríkin í kringum okkur hafa gert.

Sífelld flæði: í viðskiptum, hugmyndum, listum, menntun, peningum, hugviti, varningi – og siðferði. En það skiptir máli við hvaða þjóðir við eigum einkum í viðskiptum. Í Norður-Evrópu var bæði öflugt einstaklingsframtak og skilningur á nauðsyn góðra rekstraskilyrða og sterk verklyðshreyfing á tuttugustu öld sem fært hafa þeim ríkjum meiri velmegun og betri almenn lífshæð en víðast hvar, þótt vissulega séu blikur á lofti út af of lausbeislum kapitalisma síðustu tuttugu árin. Þar eru réttindi verkafólks virt og samtakamáttur verkalyðshreyfingarinnar slíkur að hyggist einhver brjóta á rétti launafólks er lagaumhverfið slíkt að viðkomandi kemst ekki upp með það. Lýðræðisríki Norður-Evrópu njóta þess að þar hafa hvorki ofstopafullir auðhyggju-menn né kommúnistar verið ýkja áhrifamiklir. Þessum löndum hefur ýmist verið stjórnað af hófsömum hægri flokkum með félagslega slagsíðu eða sósíaldemókratískum flokkum. Afraksturinn af því stjórnarferi er sterkur samfélagssáttmáli um tiltekin verðmæti og virðingu fyrir einstaklingum og félagsheildum.

Stjórnarfar skiptir máli. Að standa í þakkarskuld við einræðisríki – er það sniðugt? Hvað töpuðu Þjóðverjar aftur mörgum milljörðum á íslenskum athafnamönnum? Var það ekki sjó þúsund? Hversu mörg Icesave eru það? Forseti Íslands lýsir á alþjóðavettvangi þeirri vinapjóð og öðrum evrópskum vinapjóðum sem „fjandsamlegum“. Tali hver fyrir sig.

Og hvað eigum við að gera við hann Nubo kallinn sem vill eignast þetta flæmi fyrir norðan? Ég veit það ekki. Kannski að benda honum á að prófa að reka gistiheimili í Hólminum eitt sumar og sjá hvernig gengur? Og nota tækifærið til að klára almennilega þessi þjóðlendumál.

125!ár af nýjungum

## Stórstjarna Mercedes-Benz GLK

GLK 220 CDI er kraftmikill sportjeppi, sjálfskiptur, 170 hestöfl, dísil. Eyðir aðeins 6,7 á hundraðið í blönduðum akstri. Dráttargeta 2.000 kg. Ríkulega búinn með skynvæddu fjöðrunarkerfi (Agility Control) og 4MATIC fjórhjóladrifsbúnaði, leðurinnréttingu, álfelgum, heilsársdekkjum, dráttarbeisli og Bluetooth-búnaði, svo nokkuð sé nefnt.

Verð aðeins 8.790.000 kr.



Eigum bíla til afgreiðslu strax!



**Mercedes-Benz**  
Aðeins það besta.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi



Ný íbúðalán

---

# Arion banki býður óverðtryggð íbúðalán með föstum vöxtum.

Frá 15. september bjóðum við óverðtryggð íbúðalán til 25 eða 40 ára með föstum 6,45% vöxtum til fimm ára. Kynntu þér málið á [arionbanki.is](http://arionbanki.is).

Hvað **skiptir** þig máli?

---

# 6,45%

---

fastir vextir til 5 ára







**BESSI BJARNASON** (1930-2005) fæddist þennan dag. „Leikhúsið mun alltaf halda velli því það getur ekkert komið í staðinn fyrir það.“

## Merkisatburðir

- 1896** Suðurlandsskjálfti ríður yfir. Fjöldi bæja í Árnessýslu hrynur til grunna.
- 1910** Á Vífilsstöðum opnar heilsuhæli fyrir berklasjúklinga.
- 1914** Orrustan við Marne hefst þar sem herir Breta og Frakka stöðva sókn Þjóðverja til Parísar.
- 1942** Þýskar sprengjuflugvélar gera árás á Seyðisfjörð. Fjórir drengir slasast og hús skemmast.
- 1972** Varðskip beitir togvirkklippum á breskan landhelgisbrjót í fyrsta sinn.
- 1987** Háskólinn á Akureyri er settur í fyrsta sinn í Akureyrarkirkju. Nemendur fyrsta starfsárið eru 47 talsins.
- 1989** Leikarar úr Leikfélagi Reykjavíkur flytja sig formlega úr Iðnið yfir í Borgarleikhúsið.

## Í boði forsetans

Doktor Lonnie Thompson, einn helsti jöklafræðingur heims, heldur fyrirlestur í boði forseta Íslands og Háskóla Íslands í dag 5. september klukkan 12. Fyrirlesturinn er opin almennungi og er í Hátíðasal aðalbyggingar skólans. Hann ber heitið „Climate Change: The Evidence and Our Options, eða Loftslagsbreytingar: veruleiki og valkostir.“



**VIÐ GRÆNLAND** Bráðnun iss er fylgífiskur loftslagsbreytinganna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vangi jöklafræði og loftslagsfræða, ekki síst fyrir rannsóknir á borkjörnum úr jöklum heitra landa sem varpað hafa ljósi á þróun loftslags á jörðinni. Hann hefur farið í tugi rannsóknarleiðangra til Kína og Himalajasvæðisins sem og til Suðurskautslandsins.

Í upphafi fundarins flytur forseti Íslands stutt ávarp.

Dr. Thompson er prófessor við jarðfræðideild Ríkis háskólans í Ohio í Bandaríkjunum og hefur öðlast margháttða viðurkenningu fyrir vísindastörf sín á vett-



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og bróðir,

**Davíð Trausti Arnljótsson**

sem lést á heimili sínu aðfaranótt sunnudagsins 21. ágúst, verður jarðsungið frá Háteigskirkju mánudaginn 5. september kl. 15.00.

Hulda Erlingsdóttir  
Arnljótur Davíðsson  
Ágústa María Davíðsdóttir  
Erlingur Sigurður Davíðsson  
Jens Arnljóttsson



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Kristín Vilhelmína Biering**

Fossvogsbletti 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 6. september kl. 15.

Moritz Wilhelm Sigurðsson Margrét Dóra Guðmundsdóttir  
Guðmundur Sigurðsson Anna Sigríður Zoëga  
Auður Sigurðardóttir Ólafur Halldórsson  
Sigurður Þórir Sigurðsson Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAÍK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is

ÞETTA GERÐIST: 5. SEPTEMBER 1997

## Móðir Teresa fellur frá

Á þessum degi, árið 1997, dó Nóbelsverðlaunahafinn Móðir Teresa, 87 ára gömul. Fékk hún hjartaáfall á aðalskrifstofum trúboðsstöðvar sinnar í Kalkúta á Indlandi en hún hafði barist við erfið veikindi í þó nokkur ár áður en hún féll frá. Þegar fréttir bárust af andláti Móður Teresu sagði páfinn að þar færi kona sem hefði sett mark sitt á sögu aldarinnar.

Móðir Teresa var viss um það, aðeins 12 ára gömul, að Guð vildi að hún yrði trúboðsunna. Hún gerðist meðlimur í Loretto-reglunni og var loks send til Kalkúta á Indlandi, þar sem hún kenndi í skóla í mörg ár.

Árið 1946 breytti hún vinnu sinni, hætti kennslu og helgaði krafta sína fátæku, veikum og dauðvona fólki. Smám saman fóru ungar stúlur að ganga til liðs við nunnuna og reglu hennar og trúboð Móður Teresu, Kærleiksboðberarnir, var samþykkt árið 1950 af páfanum. Reglustyur trúboðsins vinna erfið hjálparstörf í fátækrahverfum Kalkúttaborgar á Indlandi, auk bænahalds og hugleiðingar. Móðir Teresa hélt því fram að án sambands við Guð væri ekki hægt að vinna þetta erfiða starf.



**FRAMKVÆMDASTJÓRI HEIMILIS OG SKÓLA** „Við reynum að vinna gott starf en allt byggist það á samstarfi við foreldra, opinbera aðila og önnur félagasamtök,“ segir Hrefna Sigurjónsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR: ER NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI HEIMILIS OG SKÓLA**

## Kostar þjóðfélagið mikið að skera niður á röngum stöðum

Hrefna Sigurjónsdóttir hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Heimilis og skóla - Landssamtaka foreldra. Hrefna er með góðan grunn að byggja á, með BA próf í sálfræði, meistaraþróf í alþjóðasamskiptum og kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi. Hún er líka öllum hnútum kunnug hjá Heimili og skóla, hefur unnið þar sem verkefnastjóri í tvö ár, meðal annars við netöryggisverkefnið SAFT. Heimili og skóli sinnir öllum skólastigum, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hrefna horfir því fram á mörg verkefni en hvar ætlar hún að byrja? „Áherslan núna er á að styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu. Það er svo mikilvægt að standa vörð um réttindi barna og þegar niðurskurður er hjá sveitarfélögum til skólamála er það grundvallaratriði að foreldrar séu hafðir með í ráðum. Þá ganga breytingarnar miklu betur fyrir sig og eru líklegri til árangurs. Þeir sem ráða ferð

verða líka að velta vandlega fyrir sér hver hinn raunverulegi kostnaður er til lengri tíma. Það getur kostað þjóðfélagið svo mikið að skera niður á röngum stöðum.“

Hrefna nefnir heitar skólamáltíðir og frístundaheimili sem dæmi um þjónustu sem byggð hafi verið upp og ekki megi glutra niður. „Foreldrar verða að nýta samtakamáttinn,“ segir hún ákveðin og bendir foreldrum á að kynna sér viðmiðunarstundaskrá í nýrri aðalnámskrá grunnskólanna og bera hana saman við stundaskrá barna sinna, svo tryggt sé að þau fái þá kennslu sem þeim ber. „Hin nýju menntalög auka tækifæri foreldra til að hafa áhrif á lýðræðislegan hátt og ég hvet þá til að nýta þær leiðir. Gagnkvæm virðing er alltaf lykilatriði og góð samskipti milli heimilis og skóla það sem barnið græðir mest á,“ segir hún.

Eineltismál koma mikið inn á borð

Heimilis og skóla að sögn Hrefnu. „Við reynum að gefa foreldrum góð ráð í sambandi við eineltismál því oft eru þau marglaga, flókin og viðkvæm. Við bendum foreldrum á hver ábyrgð skólans er og réttur nemandans. Líka það að aðgerðarleysi er ekki valkostur í svona málum, það verður að taka á þeim. Þetta getur verið langt og erfiðt ferli en það er bæði skaði fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið ef ekkert var gert. Margir skólar hafa eineltisáætlun og hún þarf að vera á borði en ekki bara í orði.“

Framkvæmdastjórnarskipti hafa verið tíð hjá Heimili og skóla síðustu misseri. Hrefna segir fjárhagsvanda hafa átt sinn þátt í því. „Það er minna fé á lausu í svona starfsemi en áður var, samtökin hafa orðið að endurskoða áherslur sínar til samræmis við það og rifa seglin. Ég ætla bara að horfa fram á við og gera mitt besta.“

gun@frettabladid.is

## Minningartónleikar í Neskirkju

Minningartónleikar verða haldnir um Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson í Neskirkju í kvöld. Gunnar Hrafn lést í köfunarslysi í Danmörku 4. ágúst síðastliðinn. Hann skildi eftir sig eiginkonu og tvö börn.

Vinir Gunnars ákváðu að heiðra minningu hans með tónleikum og safna í leiðinni í sjóð sem stofnaður hefur verið fyrir börnin hans. Nokkrir af bestu vinum Gunnars Hrafn koma fram á tónleikunum í Neskirkju;

þau Hallveig Rúnarsdóttir og Margrét Hrafnadóttir sópransöngkonur, Hrönn Þráinsdóttir og Guðrún Dalía Salómonsdóttir píánóleikarar, Þórarinn Már Baldursson víóluleikari og Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari.

Á efniðskránni verða verk eftir Bach, Debussy, Chopin, Mozart, Hindemith, Jóranni Viðar, Hjalmar H. Ragnarson, Hildigunni Rúnarsdóttur, Snorra Sigfús Birgisson og fleiri.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 í kvöld. Miðaverð er 2.500 krónur en fólk er einnig frjálst að styrkja sjóðinn að vild. Hægt er að leggja inn á reikning: 0162-15-383931, kt. 071007-3320.

**GUNNAR HRAFN** Minningartónleikar um Gunnar verða í Neskirkju í kvöld.





**Breski hönnuðurinn Dominic Wilcox** tók þátt í verkefni sem gekk út á að hanna nýjan hlut úr gömlum, með sem minnstum tilkostnaði. Hugmyndin kviknaði þegar hann gleymdi að þrifa pensil eftir notkun og hárin stífnuðu af málningunni. Hann sveigði þau rétt til, negldi pensilinn upp á vegg og úr varð snagi.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512

Ryðfrítt  
Stormjárn



**JARN&GLER**

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin.  
104 Reykjavík S: 58 58 900. - [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

Ásta Krístrún Ragnarsdóttir hefur komið upp safni muna formæðra sinna og feðra í Hafnarhvoli.

*Saga bak við  
hvern hlut*



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásta Krístrún Ragnarsdóttir hefur sett upp persónulegt minjasafn í Hafnarhvoli við Reykjavíkurbíó en þar starfrækir hún menningarhúsið NemaForum ásamt manni sínum, Valgeiri Guðjónssyni. Í

safninu er að finna muni frá formæðrum hennar og feðrum og hvílir saga á bak við hvern hlut.

„Ég hef verið svo lánsöm að eignast merka muni úr fjölskyldunni en mitt fólk komst fljótt til

metorða og mekta. Ég á formæður sem stóðu stíft vaktina, sem ég er afar stolt af,“ segir Ásta en hún heldur uppi sögu formæðra sinna

FRAMHALD | 2

**IS**  
Ideal  
STANDARD

Hitastýrð sturtu blöndunartæki með höfuð- og handúðara með nuddi.

Tilboð  
69.400



**ISLEIFUR JÓNSSON**

Drögháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | [www.isleifur.is](http://www.isleifur.is)

12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur

Svefn & heilsa



**Gerð gæða- og verðsamanburð**

**NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opð virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Umboðsaðilar:  
Reynisstaður - Vestmannaeyjum

Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði

Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**Japanska hönnunarteymið** SANAA hefur vakið athygli fyrir stóla sem það hannar fyrir japanska húsgagnaframleiðandann Maruni Wood Industry. Sérstakar mini- og minimi útgáfur hafa verið fánlegar tímabundið en fara nú í fulla framleiðslu í átta litum.

**HOLLUR BITAFISKUR**  
**+80% prótín**  
 Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

**GULLFISKUR**

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurlflugvelli

**HITA KÚTAR**  
 Amerísk gæða framleiðsla  
 30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
 Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Munir sem Mendini hefur hannað fyrir Alessi, svo sem þessi hnetubrjótur, eru mörgum kunnir.

Stóllinn Proust sem Mendini hannaði árið 1978 þykir táknrænn fyrir moderníska hönnun 20. aldarinnar. Mendini hefur hannað stólinn með margs konar áklæði og þessi útfærsla er aðeins nokkurra ára gömul. Cappellini framleiðir stólinn í dag.

Ítalski glerframleiðandinn Seves framleiðir lítað gler sem hefur verið notað í ótal byggingar. Þeirra þekktust er Maison Hermès-byggingin í Tókyó. Mendini hannaði sextán nýja líti fyrir Seves og voru þeir kynntir fyrir um tveimur árum.

## Áttæður tilraunamaður

Ítalski arkitektinn og hönnuðurinn Alessandro Mendini heldur upp á áttatíu ára afmælið sitt í ár. Mendini er talinn meðal þeirra sem hafa haft mest áhrif á ítalska hönnun 20. aldarinnar.

Hinn þekkti ítalski arkitekt og hönnuður, Alessandro Mendini, er áttæður í ár. Mendini hefur leikið stórt hlutverk í þróun ítalskrar hönnunar, þekktur fyrir að vera óhræddur við að prófa nýja tækni í hönnun sinni, sérstök form, skæra líti og mynstraða fleti. Hann er jafnan talinn til upphafsmanna svokallaðrar tilraunahönnunar.

Margir Íslendingar þekkja til hönnunar Mendinis en munir sem Mendini hefur hannað fyrir Alessi, svo sem tappatogarar og hnotubrjótur, hafa verið til sölu hérlendis. Sem arkitekt hefur Mendini teiknað byggingar um allan heim. Þar á meðal hótél, söfn, neðanjarðarstöðvar og ásamt bróður

sínum, Francesco Mendini, teiknaði hann húsnæði Alessi-verksmiðjunnar í Omega á Ítalíu. Þá hefur Mendini verið aðstoðarritstjóri á þremur þekktum ítölskum tímaritum: Casabella, Modo og Domus.

Þekktustu framleiðendur heims, Magis, Philips, Cartier, Hermès, Venini, Swatch og fleiri hafa fengið hann til að hanna fyrir sig húsgögn, úr, efni, heimilistæki og fleira til. Mendini er hvergi nærri hættur og hönnun úr hans fórum er enn að líta dagsins ljós.

Framleiðendur á borð við Magis, Philips, og Hermès hafa fengið Mendini til að hanna fyrir sig heimilistæki og fleira.



**Padres Internacionales**  
**Międzynarodowi rodzice**  
**International parents**  
*Įvairių tautybių tėvai*  
*Phụ huynh quốc tế*  
**Þér prindërit me origjinë të huaj**  
**Alþjóðlegir foreldrar**  
**Интернациональный клуб родителей**

International parents will meet weekly with their children and we welcome parents of all nationalities who have children at the age of 0-6 years, and who want to meet other parents with small children.

Participation is free and everyone is welcome, whether immigrants or Icelanders, and no knowledge of Icelandic is required.

- **Time:** Thursdays at 10.00-12.00
- **Place:** Rauðakrosshúsið at Hamraborg 11, 2nd floor, 200 Kópavogur.

**Rauði kross Íslands**  
 Kópavogsdeild  
 kopavogur@redcross.is tel: 554 6626

**Rafhitarar**  
 í skip, hús og sumarhús

**Neysluvatnshitavar**  
 Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.

**Rafhitun**

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði  
 Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260  
 rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Mahónýskápurinn góði hefur geymt bæði sjóklæði og sparikjóra.

Framhald af forsíðu

sérstaklega og fléttar þær inn í kynningar fyrir gesti hússins.

„Ég nota safnið sem undirstöðu frásagna um liðna tíð. Móðir mín var ótull leikmaður í sagnfræði, ritaði sögur og aflaði gagna um formæðurnar,“ segir Ásta en marga muni fékk hún einmitt frá móður sinni, sem lét sögu fylgja með hverjum hlut. Sjálf er Ásta mikill sögumaður og fer að segja frá þar sem hún stendur við fallegan fataskáp.

„Amma Vigdís bjó á Vesturgötu í litlum kumbalda. Henni var gef-

inn einstakur skápur úr mahónývið úr biskupsstofunni við Laugarnes. Hún kom honum hvergi fyrir og setti hann því út í fiskþurrk-hús. Til að nýta hann geymdi hún í honum sjóklæði. Svo fór skápurinn inn í skipstjóravillu barna hennar við Vesturgötuna og hýsti þá ballkjóra. Seinna notuðum við hann um tíma undir hljómflytningræjurnar. Það eru svo ótrúlega margar sögur á bak við hvern hlut sem ég segi gestum. Ein stúlka sem hélt hér upp á afmælið sitt sagði við mig að hér væri eins og tím-inn stæði kyrr. Það þótti mér mjög vænt um.“

heida@frettabladid.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

**ÍPRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI**

m.visir.is  
 Fáðu Vísir í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

Meiri Vísir.

**vísir**

**Gefðu vatn**

Hjálparstarf kirkjunnar  
 www.help.is



## LANDMARK

### FASTEIGNASALA

Magnús Einarsson löggiltur fasteignasali

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

Pú hringir - við seljum

**512 4900**

Kíktu inn á [www.landmark.is](http://www.landmark.is)!



Magnús Einarsson  
löggiltur fasteignasali  
sími 897 8266



Þórarinn Thorarson  
sölustjóri  
sími 770 0309



Sigurður Samúelsson  
löggiltur fasteignasali  
sími 896 2312



Sveinn Eyland  
löggiltur fasteignasali  
sími 690 0820



Kristberg Snjólfsson  
sölufulltrúi  
sími 892 1931



Friðbert Bragason  
sölufulltrúi  
sími 820 6022



Eggert Mariuson  
sölufulltrúi  
sími 690 1472



Sigrún Hákonardóttir  
ritari  
sími 512 4900

Til þjónustu fyrir þig!



Ástþór Reyni  
Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir  
Sölufulltrúi RE/MAX

[audur@remax.is](mailto:audur@remax.is)

## Vantar allar gerðir eigna á skrá

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

Auður Kristinsdóttir  
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

## Sjarmerandi raðhús

Fasteignamarkaðurinn kynnr mjög fallegt 173,9 fermetra raðhús á tveimur hæðum ásamt 20 fermetra bílskúr í Hvassaleiti. Húsinu fylgir falleg lóð og verönd til suðurs.

Á neðri hæð er nýlegt parkett með hitalögn undir. Nýlega var skipt um gler og glugga á efri hæð, og skólp og dren er endurnýjað. Hiti er í innkeyrslu og undir stéttum fyrir framan hús.

Á fyrstu hæð er komið inn í flísalagða forstofu með fatahengi. Inn af er gestasnyrting með parketti á gólfi og flísum á veggjum.

Eldhús er parkettlagt með upp-runalegri tekkinnréttingu og nýlegum tækjum. Tengi er fyrir uppþvottavél og góð borðaðstaða er í eldhúsi. Inn af eldhúsi er þvottaherbergi með innréttingu. Útengt er á lóð úr þvottahúsi, en inn af því er kyndiklefi/þurrkherbergi.

Stofan er björt, parkettlögð og með útgangi á skjólgöða vidarverönd til suðurs. Borðstofa er björt og parkettlögð.



Húsinu fylgir falleg lóð og verönd til suðurs.

Á annarri hæð er stigapallur með parkettgólfi og fataskápum. Útengt er á rúmgóðar svalir til suðurs. Tvö barnaherbergi eru á annarri hæðinni, bæði með skápum og parketti á gólfum. Hjónaherbergi er parkettlagt með skáp-

um á heilum vegg.

Badherbergi er flísalagt á gólfi og veggjum. Badkar með sturtu- aðstöðu. Innrétting og gluggi.

Bílskúr er upphitaður, með heitu og köldu vatni, rafmagni og nýlega flotuðu epoxy-gólfi.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**ÞAÐ ERU FLEIRI PARTÝ OG MEIRA FJÖR Á VÍSI**

Meira sjónvarp, meira útlit, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

[f](#) [t](#) **vísir**



# heimili

## FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnþórunn Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson  
Sölufulltrúi og lögg. leigumíslari.



Tryggvi Korneljusson  
sölufulltrúi

**530 6500**

Opið mán.-fös. frá kl. 9-17



**ÓSKUM EFTIR.**  
3-4RA HERBERGJA Í VESTURBÆ Rvk.  
3-4RA HERBERGJA Í AUSTURBÆ Rvk.  
4-5 HERBERGJA Á SVÆÐUM 104,105,108  
3JA HERBERGJA ÍBÚÐ M,LYFTU OG STÆÐI Í BÍLAGEYMSLU MIÐSVÆÐIS Í Rvk.

ALLAR UPPLÝSINGAR Í SÍMA 530-6500



**Daltún - Parhús**  
Einstaklega vel skipulagt og rúmgott 260 fm parhús í barnvænuhverfi. Skólgóður pallur með heitum potti, stutt í skóla og útivistar paradísina við fossvoginn. V. 49,5 m.



**Glæsilegt einbýli á Stokkseyri.**  
Mjög fallegt og mikið endurnýjað 201,9 fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara á 2.052 fm afgirtri lóð á Stokkseyri. V 29,5 m.



**Smárabarð - MJÖG AUÐVELD KAUP.**  
Mjög góð 93 fm 3ja herbergja íbúð með sérinnangi við Smárabarð í Hafnarfirði. Áhv. 19,6 m í mjög hagstæðum lánnum. V 20,9 m.




**Mariubaugur**  
Bjart og vel hannað 195 fm hús með innbyggðum 36 fm bílskúr. 4 góð svefnherbergi, verönd, afgirtur garður, hellulag tilaplán. V. 49,5 m.



**Fannafold - einbýli**  
Gott 180 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 42 fm bílskúr og sólstofu. Fallegur garður í góðri rækt. 3 svefnherbergi og góðar stofur. V. 44,5 m.



**Brekkutún - Einbýli við Fossvoginn**  
Gott 290 fm einbýli með aukaíbúð í kjallara. Húsið er á þremur hæðum kjallari, hæð og ris ásamt sérstandandi bílskúr. Róleg staðsetning nálægt skóla. Fallegur garður með sólpöllum. V. 53,0m.



**Melavegur - Reykjanesbæ.**  
Mjög fallegt, vel skipulagt og vandað 127,1 fm endarahús á einni hæð ásamt 34,2 fm bílskúr, samtals: 161,3 fm, við Melaveg Reykjanesbæ. Fjögur svefnherbergi. V 30,9 m.



**Fannafold - einbýli á einni hæð.**  
Nýkomið í einkasölu 205 fm einbýli á einni hæð með bílskúr. Hús í góðu ástandi staðsett innst í botnlanga. Þrjú herbergi og stofur. Parket og flisar á gólfum. Fallegur suðurgarður. Verð 49 milljónir.



**Dvergasteinar - Stokkseyri**  
Glæsilegt, vandað og mjög vel byggt 202 fm einbýli á einni hæð miðsvæðis á Stokkseyri. Húsið stendur á 1.713 fm afgirtri lóð. Á lóðinni stendur 15 fm gestahús. V 34 m.



**Brúnastekkur - Einbýli / aukaíbúð**  
Nýkomið í einkasölu 380 fm einbýli á 2 hæðum m,tvöföldum bílskúr og auka íbúð. Hús í góðu ástandi staðsett innst í botnlanga. Stutt í útivistarparadísina í Elliðaárdalinn. Einstakt tækifæri til að eignast gott fjölskylduhús. **Opið hús næstkomandi fimmtudag frá kl 12-13. V 66,9 m.**



**Baugakór - glæsileg 2ja á jarðhæð**  
Stórglæsileg 2ja herb. á jarðhæð með 50 fm sólpalli. Íbúðin er 74 fm og henni fylgir staði í bílageymslu. Hér er allt af vönduðustu gerð. Laus við kaupsamning. Verð 20,9 milljónir.

# VALHÖLL

## FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477  
Opið virka daga frá kl. 9-17



**Ingólfur Gissurarson**  
s: 896-5222  
Lögg.fast.Sali.



**Bárður Tryggvason**  
s: 896-5221  
sölustjóri



**Heiðar Friðjónsson**  
s: 693-3356  
Lögg.fast.Sali.



**Ellert Róbertsson**  
s: 893-4477  
söluáður



**Erlendur Davíðsson**  
Löggiltur  
fasteignasali.



**Sigbór Bragason**  
s: 899-9787  
Lögg.fast.Sali.



**Jón Rafn Valdimarsson**  
s: 695-5520  
Lögg.fast.Sali.



**Margrét Sigurgeirsdóttir**  
s: 866-1515  
skrifstofustjóri.



**Þórarinn Friðriksson**  
Sölu.  
Sími:844-6353

### Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

[www.Valholl.is](http://www.Valholl.is)

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

## Mikil sala - Vantar allar tegundir eigna í sölu. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

### Efstasund 34 - Einbýlishús í Sundunum



126 fm einbýli. Stofa er tvískipt og mætti breyta öðrum hlutanum í svefnherbergi. Svefnherbergi er með skáp og parket á gólfi. A baðherbergi er dúkur á gólfi, þar er sturta. Í kjallara er þvottahúsaðstaða og geymsla. Bílskúr er orðin nokkuð illa farin að utan, ljóst að eignin í heild þarfnast viðhalds. Mjög stór lóð. V. 31 millj. Uppl. Sigbór sími 899 9787

### Birkihlíð - vandað sérbýli



Falleg 156 fm sérbýli á 2 hæðum ásamt 28 fm bílskúr á fallegum útsýnisstað. 4-5 svefnherbergi. Vandaðar innréttingar. Nýlegt parket. Stórar flisalagðar suðursvalir með glæsilegu útsýni. Vönduð eign á flottum stað. Stutt í bæinn og alla þjónustu. Uppl. veitir Bárður í 896-5221, skoðið myndir á fasteignir.is

### Ný raðhús í Garðabæ. Hægt að fá afhent fullbúið




Ný raðhús í Garðabæ, hægt að fá fullbúinn. Stærð ca 160 fm. Verð fyrir fullbúinn hús frá 39 millj. Uppl. veita Þórarinn 844-6353 og Bárður 896-5221.

### Danmörk - Rétt hjá Billund. Skipti



Vorum að fá glæsilegt 136 fm einbýli á einni hæð ásamt 40 fm bílskúr á mjög góðum stað. Allt innbú fylgir svo og bíll. Allt mjög vandað og mikið endurnýjað, þrjú svafnherbergi. Möguleg skipti á eign í Rvk. Eða sumarhúsi. Húsið er skuldlaus. Mjög gott verð. 28,9 m. íslenskar Nánari uppl. Ellert 893-4477

### Selbraut - Seltjarnarnes



Fallegt raðhús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr. Eignin er í mjög góðu ástandi og skipulag afar gott. Fjögur svefnherbergi eru á jarðhæð ásamt sjónvarpholi og þvottahúsi. Efrri hæð með stórum stofu, fallugu eldhúsi. Útengt á stórar svalir sem mætti stækka enn meir. Fallegur garður. V. 59,9 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

### Smárami Vandað einbýli.



Fallegt einbýli á einni hæð neðst í Smáramanum. Stórar stofur og fjögur svefnherbergi. Vönduð gólfefni og innréttingar. Bílskúr m. hurðapnara. Baðherbergi m. sturtu og baðkar. Pallur m. skjólgirðingum, stór garður m. fjölskrúðum gróðri. V. 49,9 m Upp. Sigbór 899 9787

### Sérbýli



#### Einbýlishús með bílskúr við Hlíðargerði

217 fm einbýlishús á frábærum stað í Gerðunum í Reykjavík. Húsið skiptist í stórar stofur og rúmgott eldhús, 3-svefnherbergi, sjónvarpsrími, sólstofu, þvottarhús og geymslur. Húsið er á þremur hæðum og er í góðu ástandi. Góður nýlega standsettur bílskúr. Stór garður með vernd og skjólgirðingum. Verð 48,0 millj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.



#### Einbýli á tveimur hæðum við Jónsgeisla

204 fm næstum fullbúið, glæsilegt einbýlishús með 4-svefnherbergjum á góðum stað í Grafarholti. Vönduð gólfefni og innréttingar. Stór bílskúr. Eign sem vert er að skoða. Verð 54,8 millj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356



#### Heiðarsel - 6 svefnherb. Laust

Fallegt og vel skipulagt einb.ásamt bílskúr á barnvænnum stað í seljahverfi. 6 svefnherbergi. Stór hellulögð vernd mót suðri. Vel við haldið hús á einstökum stað. Húsið er skráð 193 fm skv. Fasteignamatinu en gólfplötur er nærri 240 fm, enda eru 6 svefnherbergi. . Uppl.veitir Bárður í 896-5221.



#### Bræðratunga - Kópavogur

Fallegt 162 fm raðhús ásamt bílskúr. Eignin er á tveimur hæðum. Efrri hæð er með tveimur svefnherbergjum, barnaherbergið hefur verið sameinað úr tveimur og hjónaherbergi er með fatarherb. Í kjallara hússins er sameiginlegt rými og sérgeymsla íbúðarinnar. V. 36,5 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520



#### Reykjafold - Tvöfaldur bílskúr

200 fm vel skipulagt einbýlishús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Fjögur svefnherbergi og möguleiki á að bæta við fimmta svefnherberginu gerist þess þörf. Frá stofu er útengt á sólpall. Einnig er sjónvarpherbergi. Stórt eldhús með góðum skápplássi. Bílskúrinn er 62 fm að stærð. V. 45,5 m. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

### Eldri borgarar.



#### Hjallasel

Gott ca 70 fm parhús á einni hæð. við Seljahlíð. Góður suður garður. Gott og vel skipulagt hús. V. 19,9m. Allar frekari uppl. veitir Ellert í s:893-4477



#### Hæðargarður - eldri borgarar.

Vorum að fá mjög góða ca 80 fm íbúð á 1.hæð í þessu vinsæla húsi. Íbúð er sérlega vel skipulögð og með góðum suður svællum. Íbúð er laus. V. 25,9 m. nánari uppl. Ellert 893-4477



#### Árskógar Eldri borgarar

Björt og vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 6.hæð í þessu eftirsóttu húsi fyrir eldri borgara. Lyftuhús með mikilli þjónustu og afþreyingu. Þrjú góð herbergi, stofa, eldhús og rúmgott baðherbergi. Yfirbyggðar svalir. Húsvörður og mikil þjónusta og afþreying. V 33,0 mill Uppl. Sigbór sími 899 9787.



#### Þangbakki - Stutt í alla þjónustu

Mjög góð 72 fm íbúð á 3. hæð í fjöleignarhúsi með lyftu. Stofa er með parket á gólfi og er útengt á stórar svalir. Svefnherbergi m. miklu skápplássi. V. 17,9 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

### Hæðir



#### 4ra herb. Sérhæð með bílskúr í Garðabæ.

Mikið endurnýjuð 4ra herb. 123,5 fm sérhæð við Lynghóla í Garðabæ. Bílskúrinn er 28,8 fm. 3-svefnherbergi í mikið endurnýjaðri sérhæð. Falegur garður, góð staðsetning. Eignin er laus við kaupsamning. Verð 26,9 millj. Uppl. veitir Heiðar 693-3356

### 4ra til 5 herb



#### 4ra með frábæru útsýni við Álfronuhvarf

4ra herb 104fm, góð íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi við Álfronuhvarf í Kópavogi. Gott skipulag og vandaður frágangur. Stæði í lokaðri bílageymslu. Eign með frábæru útsýni. Verð 27,5 millj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356



#### Gott verð - Hraunbær.

Góða 4ra herbergja, 108 fm íbúð á 3. hæð í fjölbýli. Húsið var tekið í gegn árið 2010, m.a. viðgert að utan, málað, skipt um gler og gluggapósta á austurhlíð ásamt því að stígagangur var málaður, skipt um teppi og settar upp eldvarnarhurðir. Verð 19,2 m. Uppl. Þórarinn 844-6353.



#### Fannahvarf - Sérinnangangur

Falleg 107 fm endaíbúð á góðum stað innst í botnlangagötu. 3 góð svefnherb. Útengt á pall m. skjólgirðingum frá stofu. Þvottahúsið innan íbúðar. V. 29 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520



#### Álfkonuhvarf - 120 fm endaíb. m. bílsk.


Nýlegt glæsilegt 120 fm 4ra herb. endaíb. útið óbyggt svæði í nýl. litlu lyftuhúsi. Stæði í bílskúli fylgir. Vandaðar innr., þvottaherb. í íb., suðvestur svalir, útsýni Bláfjöll, Heiðmörk. Laus ca miðjan júní 2011. Ásett verð 28,9 m. Uppl. Sigbór sími 899 9787



#### Leirubakki - góð 4ra m. aukaherb. Laus strax.

Rúmgóð alls 116 fm 4ra herb. íb. ásamt aukaherb. í kjallara í góðu KLÆDDU fjölbýli. Nýl. eldhús, suður svalir, þvottaherb. í íb., parket, original bað, laus strax. Gott verð 19,9 millj. Uppl. Sigbór sími 899 9787

### 3ja herbergja



#### 3ja herb. suður íbúð við Þangbakka

Höfum tekið í sölu 3ja herb. 83 fm suður íbúð við Þangbakka. Íbúðin er vel skipulögð, búið er að kaupa ýmislegt efni sem fylgir með í kaupnum, svo sem parket og undirlag, flisar, hreinlætistöki, tæki í eldhúsi og fl. Verð 19,7 millj. Allar uppl. veitir Heiðar í s:693-3356



#### Bólstaðarhlíð - Björt og falleg íbúð

Falleg 92 fm íbúð á 2. hæð. Eignin er með tveimur svefnherbergjum en auðveldlega mætti bæta því þriðja við. Fallegt parket á gólfum og herbergi án þröskulda. Eldhús endurnýjað að hluta. V. 24,9 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

### 2ja herb



#### Spóahólar -laus við kaupsamning

Vel skipulögð 56 fm íbúð á 2.hæð í vel staðsettri blokk. Stórar svalir. V. 12,9m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

### Sumarhús



#### Eyrarskógur eignarlóð

Nýlegt sumarhús á eignarlóð í kjarriðöxnu landi. Tvö svefnherbergi og tvö svefnloft. Heitur pottur Húsið er vandað og allur frágangur góður. Staðsetning er mjög góð í náttúrulegu birkiþarri og mikið útsýni Einungis er um 40mín akstur frá Reykjavík stutt í sundlaug og veitingastaði / verslun. Fallegir gönguleiðir og stutt í veiði. V.15,9m Sigbór S: 899 9787

### Atvinnuhúsnæði



#### Hamraborg.

Mjög gott 70 fm húsnæði á 2.hæð í góðu húsi, hluti í leigu. V. 11m. Möguleg skipti á sérhæð í Kópavogi. Nánari uppl. Ellert 893.4477

## Mikil sala - Vantar eignir - Ákveðnir kaupendur.

Vantar sérbýli í Fossvogi, fyrir fólk sem búið er að selja, uppl. Veitir Heiðar í s:693-3356

Vantar sérbýli í Grafarvogi, Uppl. veitir Heiðar í S:693-3356

Vantar 3ja til 4ra herb. Íbúð í Sjálandi Garðabæ, eða í Hafnarfirði, uppl. veitir Bárður í s:896-5221

Vantar 2ja - 3ja herb. á svæðum 107, 105 og 108, Uppl. veitir Bárður í s:896-5221

Vantar byggingarframkvæmdir fyrir sterkan byggingar-meistara. Uppl. Ellert 893-4477

Vantar 2ja herb. miðsvæðis Uppl. Ellert 893-4477

Vantar 3ja herb. í 101 Uppl. Ellert 893-4477



# FASTEIGNA- MARKAÐURINN

## ÓÐINGGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Hrólfsskálamelur – Seltjarnarnesi



### Glæsilegt fjölbýlishús.

#### Einstök staðsetning

Glæsilegar lúxusíbúðir í nýju þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru afar vandaðar og er mikið lagt í hönnun, efnisval, búnað og frágang. Stærðir eru frá 84 fm. upp í 225 fm. og afhendast þær fullbúnar án gólfefna. Eitt til þrjú bílastæði fylgja hverri íbúð.

Sölumenn Fasteignamarkaðarins sýna.  
Sjá nánari skilalýsingu á [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)

#### Hvannahólmi-Kópavogi



Fallegt og vel skipulagt 262,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað m.a. eldhúsinnrétting og tæki, baðherbergi, gólfefni, þakkantur o.fl. Stórt opið eldhús, samliggjandi stórar stofur og 6 svefnherbergi. Hús nýlega málað að utan og lóð nýlega endurnýjuð að hluta með skjólgóðri vernd til suðurs. **Verð 57,9 millj.**

#### Hvassaleiti



Fallegt 193,9 fm. raðhús á tveimur hæðum að meðt. 20 fm. bílskúr á þessum eftirsóttasta stað. Rúmgóð stofa og borðstofa með útgangi á skjólgóða vernd til suðurs, eldhús með nýlegum tækjum og 3 svefnherbergi. Svalir til suðurs út af stigapalli/gangi á efri hæð. Nýlegt gler og gluggar á efri hæð og skolp og dren er endurnýjað. **Verð 55,0 millj.**

#### Melhæð-Garðabæ



Glæsilegt 202,5 fm. einbýlishús á einni hæð á þessum eftirsóttasta stað. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Samliggjandi bjartar stofur, sjónvarpsbol, og 4 rúmgóð herbergi. Nýtt gler í öllu húsinu og nýjar úthurðar og bílskúrshurð. Ræktuð lóð með miklum verndum, skjólveggjum og heitum potti. **Verð 72,5 millj.**

### ELDRI BORGARAR



#### Þorragata - 3ja herb. íbúð.

Björt og vel skipulögð 108,1 fm. íbúð á 2. hæð auk tveggja sér bílastæða í opinni bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/hol, eldhús, samliggjandi rúmgóðar stofur, sjónvarpsstofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi. Auðvelt er að útbúa svefnherbergi úr sjónvarpsstofu. Um 20 fm. svalir til suðurs út af stofum með fallegu útsýni til sjávar. Gott aðgengi og lyfta. Húsvörður. **Verð 34,9 millj.**



#### Skildinganes.

Fallegt 214,3 fm. einbýlishús á einni hæð með innb. bílskúr á þessum eftirsóttasta stað í Skerjafirðinum. Eignin skiptist m.a. í samliggjandi rúmgóðar stofur, arinstofu, eldhús með þvottaherbergi innan, sjónvarpsstofu, 3 herbergi (4 á teikningu) og baðherbergi auk gesta snyrtingar. 640 fm eignarlóð. Hiti í innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. **Verð 73,9 millj.**



#### Túnbrekka-Kópavogi. Laus strax

Góð 86,6 fm. íbúð á neðri hæð auk 20 fm. bílskúrs með útsýni yfir Fossvogsdalinn. Íbúðin skiptist í forstofu sem er nýtt að hluta sem sjónvarpsherb., stofu, borðstofu, eldhús, 2 herb. á svefngangi og baðherb. Þvottaherb. innan íbúðar. Vestursvalir. Garður með skjólsælum sólpalli. **Verð 22,0 millj.**



#### Kirkjulundur – Garðabæ. 2ja herb. íbúð.

Góð 68,6 fm. 2ja herb. íbúð á neðri hæð ásamt sér geymslu og stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, eitt svefnherbergi, eldhús, stofu/borðstofu með útgangi á svalir í suðvestur og baðherbergi. Þvottaástaða er á baðherbergi. Stutt í þjónustu. **VERÐTILBOD**



#### Einarsnes

Glæsilegt 160,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað við óbyggð svæði í Skerjafirðinum. Húsið var nánast endurbýtt fyrir um 20 árum síðan og skiptist m.a. í samliggjandi stofur með útsýni til sjávar og útgangi á svalir til vesturs, 3 herbergi, eldhús, sjónvarpsbol og 2 bað. Afgirt og falleg ræktuð 514,0 eignarlóð. Garðhús á lóð. **Verð 51,0 millj.**



#### Hverfisgata.

Rúmgóð og vel skipulögð 99,6 fm. íbúð á 4. hæð að meðt. geymslu í góðu steinhúsi. Rúmgott hol/forstofa, björt og rúmgóð stofa og 2 herbergi. Raflagnir og tafla eru nýleg. Sameiginlegar svalir út af stigagangi og þaksvallar á 5. hæð. **Verð 23,9 millj.**

### SÉRBYLI

#### Aratún – Garðabæ



Fallegt um 173,3 fm einbýlishús á einni hæð að meðt. 38,3 fm. bílskúr í grónu hverfi í Garðabænum. Aukin lofthæð í stofu og útsýni til sjávar. Sólskáli með arni. 3 herbergi (4 á teikn). Ræktuð lóð með hellulagðri vernd og heitum potti. Gróðurhús á lóð. **Verð 42,9 millj.**



#### Mariubaugur.

Glæsilegt 150 fm. endaradhús að meðt. 30 fm. bílskúr. Eignin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er í eigninni og innfelld lýsing í loftum. 3 rúmgóð herbergi. Björt stofa. Eldhús með góðri borðaðstöðu. Glæsileg lóð með stórru timburvernd til suðurs og heitum potti. Leik- og grunnskóli í næsta nágrenni. **Verð 49,5 millj.**

#### Langamýri - Garðabæ



2ja herb. 62,4 fm. íbúð með sérinnangi á neðri hæð. Stofa og borðstofa með útgengi í garð sem er hellulagður að hluta. Opið eldhús og rúmgott svefnherbergi. Sér bílastæði. Stutt í skóla og leikskóla. **Verð 17,9 millj.**

### 4RA HERB. OG STÆRRI



#### Bergstaðastraße – 4ra herb. m. bílskúr

Falleg og vel skipulögð 123,1 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í nýlegu tvíbýlishúsi í Binghamtonum auk sér 10,8 fm geymslu og 20,8 fm bílskúrs. Samliggjandi stofur og 3 herbergi á svefngangi. Rúmgóðar svalir til vesturs. **Verð 34,9 millj.**



#### Flyðrugrandi

2ja – 3ja herb. 61,7 fm. íbúð á 3. hæð í þessu eftirsóttasta fjölbýli. Góður borðkrókur í eldhúsi. Stórar svalir út af stofu, yfirbyggðar að hluta. Rúmgott svefnherbergi. Sameiginlegt þvottaherb. á hæðinni. **Verð 17,9 millj.**

#### Aragata



Fallegt 193,9 fm. raðhús á tveimur hæðum að meðt. 20 fm. bílskúr á þessum eftirsóttasta stað. Rúmgóð stofa og borðstofa með útgangi á skjólgóða vernd til suðurs, eldhús með nýlegum tækjum og 3 svefnherbergi. Svalir til suðurs út af stigapalli/gangi á efri hæð. Nýlegt gler og gluggar á efri hæð og skolp og dren er endurnýjað. **Verð 55,0 millj.**



#### Grenigrund-Kópavogi

Falleg og vel skipulögð 109,0 fm. efri sérhæð í fjörbylí auk 24,0 fm. bílskúrs. Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Rúmgóð stofa með útgangi á svalir til suðurs. 4 herbergi. Hús að utan nýlega viðgert og málað. Góð staðsetning innst í götu. **Verð 34,9 millj.**



#### Bárugata

Mikið endurnýjuð 72,4 fm íbúð að meðt. geymslu í þrjúbýlishúsi á þessum eftirsóttasta stað. Íbúðin skiptist í anddyri, opið rými sem samanstendur af opnu eldhúsi, stofu og borðstofu, eitt herbergi og baðherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar. Halogen lýsing og hljóðkerfi. **Verð 19,9 millj.**



#### Jónsgeisli

Mjög fallegt og vel skipulagt 237,7 fm. einbýli á 2 hæðum á frábærum útsýnisstað í Grafarholti. Rúmgóð stofa, stórt sjónvarpsbol og 4 svefnherbergi auk fataherbergis. Allar innihurðir, parket og innréttingar eru úr eik. Verulega aukin lofthæð á efri hæð og lofthæð á neðri hæð er 2,6 metrar. Hús nýlega málað að utan og lóð nýlega endurnýjuð. Miklar verandir og skjólvegir. **Verð 64,9 millj.**



#### Fífusel- aukaherbergi í kjallara.

Góð 114,5 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð að meðtöldu 10 fm útleiguhherbergi og sér geymslu í kj. Björt stofa með útgengi svalir til suðausturs. 3 herbergi. Þvottah. innan íbúðar. Sér stæði í upphitudo bílskúli. Leikvöllur beggja vegna við húsið. Stutt í alla þjónustu. **Verð 22,7 millj.**



#### Öldugata

Mikið endurnýjuð 48,9 fm 2ja herb. íbúð í kjallara með sérinnangi. Íbúðin skiptist í stofu/ eldhús, 1 svefnherbergi og baðherbergi með sturtu og þvottaástöðu. Geymsla við innangang. **Verð 14,0 millj.**



#### Fagrahæð – Garðabæ

Fallegt 219,0 fm. einbýlishús með innb. bílskúr á þessum eftirsóttasta stað í Garðabæ. Eignin er með vönduðum innréttingum, mikilli lofthæð og innbyggðri lýsingu í loftum. Glæsilegt eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, sjónvarpsrími/vinnuástaða, 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi. Útgeugt úr stofum í garðskála með heitum potti. Gólfhiti að hluta. **Verð 69,0 millj.**



### 3JA HERB.

#### Hátún.

Góð 100 fm. íbúð á 3. hæð auk 6,0 fm sér geymslu í þessu eftirsóttasta fjölbýli miðsvæðis í Reykjavík. Þvottaherbergi innan íbúðar. Svalir til austurs út af stofu. Opið eldhús með góðum borðkrók. Sameign góð. **Verð 26,0 millj.**



#### Snorrabraut

Falleg 66,7 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu í kj. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð að innan m.a. allar innihurðir, gólfefni, baðherbergi, raflagnir o.fl. Svalir til suðurs út af svefnherbergi. Uppgerðar innréttingar í eldhúsi. **Verð 18,5 millj.**



S: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík

Sverrir Kristjánsson,  
framkvæmdastjóri,  
lögg. fasteignasaliGuðmundur  
Sigurjónsson,  
lögfræðingur,  
lögg. fasteignasaliÞorleifur St.  
Guðmundsson,  
lögg. fasteignasaliKjartan Hallgeirsson,  
lögg. fasteignasaliGeir Sigurðsson,  
lögg. fasteignasaliHilmár Þór  
Hafsteinnsson,  
lögg. leigumíðari,  
lögg. fasteignasaliMagnús Geir  
Pálsson,  
sölumaðurÞóririnn M.  
Fríðgeirsson,  
lögg. fasteignasaliJóhanna  
Valdimarsdóttir,  
gjaldkeriElin Þorleifsdóttir,  
ritari

Frá 1957

Elsta starfandi fasteignasala landsins



www.eignamidlun.is

## Hrólfsskálamelur - Draumastaður á Seltjarnarnesi



Íbúðirnar eru einstaklega glæsilegar og mikið í þær lagt. Á það jafnt við um hönnun, efnisval, búnað og frágang. Staðsetningin er einstök og stutt er í allt það besta sem Seltjarnarnes hefur upp á að bjóða. Íbúðastærðir eru frá 84 fm og upp í 225 fm og ættu því allir að finna sér hentuga íbúðarstærð. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. Eitt til þrjú stæði í bílageymslu fylgja hverri íbúð. **Sölumenn Eignamiðlunar sýna íbúðirnar eftir óskum. Ítarlega skilalýsingu fá finna á eignamidlun.is 6973**

### Bollagarðar 21 - endaraðhús



**OPIÐ HÚS**

Fallegt og vel skipulagt endaraðhús með innbyggðum bílskúr við Bollagarða á Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í forstofu, hol/gang, snyrtingu, stofu, borðstofu, eldhús, þvottahús, fjögur herbergi, sjónvarpshol og baðherbergi. Lóðin snýr til suðurs með hellulagðri verönd og garðskúr. Húsið hefur mikið verið endurnýjað á síðustu árum.

**OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 58,9 m. 7005**

### Barðastaðir 9 - glæsilegt útsýni



**OPIÐ HÚS**

Íbúð í vönduðum lyftuhúsi, innangengt er í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofuhol, tvö góð herbergi, sjónvarpshol, baðherbergi, þvottaherbergi, fallegt eldhús með borðkrók, sér og góðar stofur með svölum og glæsilegu útsýni.

**OPIÐ HÚS Í DAG (MÁNUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00 V. 27,9 m. 6556**



**Langamýri 5 - mikið endurnýjað**  
Haukur Ingi tekur leikmenn í spjall, stundum 2-3 í einu, þegar tækifæri gefst. „Margir strákanna eru ungir og get ég bent þeim á ýmsa punkta sem ég hefði sjálfur viljað vita þegar ég var að stíga mín fyrstu skref í atvinnumennskunni.“ Meðal þess sem Haukur Ingi reynir að miðla til leikmanna er hvernig skuli taka á mótlæti í leikjunum sjálfum. Því hafa landsliðsmennirnir fengið að kynna. „Jafnvel færustu íþróttamenn heims óttast það einhvern tímann að gera mistök og að endurtaka þau. Dæmi um þetta er sóknarmaður sem klúðrar dauðafæri í upphafi leiks. Auðveldasta leiðin til að endurtaka ekki þau mistök er að koma sér ekki aftur í færi. En það er þó betra að klúðra tíu dauðafærum í einum leik því þá er hann að minnsta kosti að taka þátt í leiknum.“

Hann segir einbeitingu og hugarfar skipta afar miklu máli



**TIL AÐSTOÐAR** Haukur Ingi er landsliðsþjálfurinn innan handar þessa dagana og veitir ekki af þar sem hvorki gengur né rekur hjá landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þegar í leikinn er komið. „Og að láta mótlætið ekki slá sig út af laginu – halda einbeitingunni og halda áfram að spila sinn leik.“

**Þolinmæði er dyggð**

Annað lykilorð í skilaboðum Hauks Inga er þolinmæði. „Mín vinna snýst ekki um skyndilausnir heldur að bæta frammistöðuna þegar til lengri tíma er lítið. Ég er ekki endilega að hugsa um þennan leik eða næsta heldur vona ég að þessar aðferðir nái að síast inn hægt og rólega og að það leiði til betri árangurs í framtíðinni.“

Hann segir þó biðna vera erfða og að millibilsástandið sé afar hættulegur tími. Því sé mikilvægt fyrir alla hlutaðeigandi að sýna þolinmæði. „Í sumum íþrótt-

um þarf að taka þrjú skref aftur á bak til að geta tekið fimm skref fram á við. Gott dæmi er kylfingur sem er fastur í sinni forgjöf og vill bæta sig. Hann þarf ef til vill að tileinka sér nýja og betri sveiflu en það tekur tíma. Á meðan versnar leikur hans og er þá mikilvægt að falla ekki aftur í fyrri horf – annars mun hann aldrei lækka forgjöfina aftur.“

Haukur Ingi bendir á að þetta vilji oft haldast í hendur við það þegar kynslóðaskipti eiga sér stað eins og er tilfellið í íslenska landsliðinu nú. „Ef þeim tekst að tileinka sér þessi fræði og nýta sér þau mun það potthétt nýttast bæði þeim sjálfum og íslenska landsliðinu til framtíðar.“eir@frettabladid.is



**MEISTARAR** Skagamenn tryggðu sér sigur í 1. deildinni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR

ÍA meistari í 1. deild:  
**Selfoss nálgast efstu deild**

**FÓTBOLTI** Selfoss vann ævintýrlegan 4-3 sigur á Bí/Bolungarvík um helgina og er fyrir vikið komið með annan fótinn upp í efstu deild á nýjan leik.

Selfoss á sex stig á Hauka þegar tvær umferðir eru eftir. Það þarf því ansi margt að gerast svo Selfoss komist ekki aftur upp í deild þeirra bestu.

ÍA lagði Gróttu og tryggði sér þar með sigur í deildinni.

Gróttu er aftur á móti í harðri baráttu við Leikni en Breiðhyllingar eru í fallsæti og þrem stigum á eftir Gróttu. Liðin mætast í næstu umferð en það verður nánast úrslitaleikur um hvort liðið heldur sæti sínu í deildinni. - hbg



**HEIMSMET** Bolt fagnar hér heimsmetinu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Bolt og félagar í banastuði:  
**Heimsmet hjá Jamaíku**

**FRJALSAR** Usain Bolt og félagar frá Jamaíku gerðu sér lítið fyrir í gær og settu heimsmet í 4x100 metra spretthlaupi er þeir komu í mark á 34,04 sekúndum.

Þeir Bolt, Nesta Carter, Michael Frater og Yohan Blake höfðu mikla yfirburði í hlaupinu eins og gefur að skilja.

Bandaríkjamenn féllu úr leik er síðasta skiptingin hjá þeim fór úrskæðis. - hbg

Björgvin Páll byrjaði ferilinn hjá Magdeburg vel:  
**Kiel valtaði yfir Flensburg**

**HANDBOLTI** Lærissveinar Alfreðs Gíslasonar hjá Kiel líta afar vel út í upphafi leiktíðar. Í gær rúllaði Kiel yfir sterkt lið Flensburg, 35-21, eftir að hafa leitt með níu mörkum í hálfleik, 16-9. Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk í leiknum fyrir Kiel en Alfreð hefur fengið lykilmenn til baka úr meislum og liðið er afar líklegt til afreka á þessari leiktíð.

Björgvin Páll Gústavsson lék sinn fyrsta leik fyrir Magdeburg um helgina er liðið lagði Göttingen. Björgvin fékk að reyna sig í einu vítakasti sem hann varði vel. Góður sigur hjá Magdeburg sem leit ágæt-

lega út í þessum leik. Alexander Petersson skoraði þrjú mörk fyrir Fuchse Berlin sem vann Íslendinga-slaginn gegn Hannover-Burgdorf, 31-28. Ásgeir Örn Hallgrímsson og Hannes Jónsson skoruðu báðir fjögur mörk fyrir Hannover. Vignir Svavarsson skoraði tvö mörk fyrir Hannover.

Kári Kristján Kristjánsson skoraði tvö mörk fyrir Wetzlar sem lagði Hildesheim, 30-28. - hbg

**BJÖRGVIN PÁLL** Stimplaði sig inn með því að verja víti.



Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Fyrsta uppboð vetrarins

**Listmunauppboð**

mánudaginn 5. september, kl. 18

í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd í dag mánudag 10-17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is


Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



Sórnval



**BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS**



Opnum klukkan ellefu

# GOTT Í HÁDEGINU



**JUMBÓ SAMLOKA**

**TRÓPÍ EÐA FLORIDANA**

**359 KRÓNUR**



**459 KR. PK**

**400 GRÖMM GRÍMS-PLOKKFISKUR**



**1098 KR. KG**

**FERSK ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS**

Kemur í verslanir á landsbyggðinni þriðjudag 6. sept



**598 KR. KG**

**FISKBÚÐIN OKKAR STEIKTAR FISKBOLLUR**



**798 KR. 800G**

**800 GRÖMM BÓNUS ÝSUBITAR Í RASPI**



**359 KR. 1/2 KG.**

**AKURSEL LÍFRÆNAR GULRÆTUR**



**359 KR. 950G.**

**FRÁ ARGENTÍNU NÝ FERSK LÍFRÆN EPLI**



**159 KR. KG**

**NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR**



**198 KR. 1.5 KG**

**NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR**



**198 KR. 1/2 KG**

**BÓNUS RÚGBRAUÐS-KUBBUR 500 GRÖMM**

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veittungða VILDARPUNKTA VISA Vildarklöbbur

## Vandræði hjá Arsenal: Wilshere frá í þrjá mánuði

**FÓTBOLTI** Enn eitt áfallið dundi yfir Arsenal um helgina er ljóst varð að miðjumaðurinn Jack Wilshere mun ekki spila með liðinu næstu þrjá mánuði vegna meiðsla.

Wilshere er meiddur á ökkla og í fyrstu var talið að hann yrði ekki lengi frá.

Nú er aftur á móti ljóst að hann spilar ekki fyrr en í desember og hausverkur Wengers þjálfara verður sífellt meiri en Arsenal hefur byrjað tímabilið illa. - sáþ

**SCHMIDT**

saltdreifarar



- sala  
- varahlutir  
- þjónusta

**Nido**



**AFLVÉLAR**

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.  
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

# Félögin vilja sjá erlendan þjálfara

Helmingur knattspyrnufélaga á landinu vill að ráðinn verði erlendur landsliðsþjálfari í stað Ólafs Jóhannessonar. Þetta er niðurstaða ítarlegrar könnunar sem Stöð 2 gerði hjá þingfulltrúum KSÍ.

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson á aðeins eftir að stýra íslenska karlalandsliðinu í tveimur leikjum í viðbót. Gefið hefur verið út að hann fái ekki nýjan samning að lokinni núverandi undankeppni.

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, er því að leita að nýjum þjálfara um þessar mundir og hafa ýmsir menn verið orðaðir við starfið á síðustu dögum. Nægir þar að nefna menn eins og Willum Þór Þórsson, Guðjón Þórðarson og Teit Þórðarson. Umræðan um erlendan þjálfara er einnig afar hávær og samkvæmt könnun Stöðvar 2 meðal þingfulltrúa KSÍ vill helmingur þeirra sjá erlendan þjálfara í brúnni.

Þessir þingfulltrúar eru fulltrúar knattspyrnufélaganna og ef félögin réðu ferðinni þá myndi KSÍ ráða erlendan þjálfara. 45 knattspyrnufélög áttu samtals 135 fulltrúa með atkvæðisrétt á síðasta ársþingi KSÍ. Þar af eru 85 fulltrúanna skráðir á vef KSÍ sem stjórnarmeðlimir sinna knattspyrnudeilda.

Íþróttadeild hringdi í þessa 85 aðila og lagði fram spurninguna: Hver vilt þú að verði næsti landsliðsþjálfari? Svarhlutfallið var 82 prósent. Af þeim 70 sem svöruðu vilja 35, eða 50 prósent, að erlendir þjálfari verði ráðinn til að taka við af Ólafi.

Fæstir gátu nefnt ákveðinn erlendan þjálfara á nafn en flestir voru á því máli að fullreynt væri í bili með íslenskan þjálfara.

Guðjón Þórðarson fékk flest atkvæði íslenskra þjálfara eða ell-



Á FÖRUM Ólafur Jóhannesson lýkur fljótlega störfum hjá KSÍ og á meðan leita forkólfar sambandsins að arftaka hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

efu. Rúnar Kristinsson kom næstur með sex atkvæði.

Vilji félaganna í landinu er því nokkuð skýr en hvað finnst Geir

Þorsteinssyni, formanni KSÍ, um niðurstöðu þessarar könnunar?

„Þessi niðurstaða kemur mér ekki á óvart,“ sagði Geir en stjórn

### Hver á að taka við?

#### Svör þingfulltrúa KSÍ:

Erlendur þjálfari	35 (50%)
Guðjón Þórðarson	11 (16%)
Rúnar Kristinsson	6 (9%)
Willum Þór Þórsson	5 (7%)
Eyjólfur Sverrisson	4 (6%)
Teitur Þórðarson	3 (4%)
Heimir Hallgrímsson	3 (4%)
Þjarni Jóhannsson	1 (2%)
Ólafur Kristjánsson	1 (2%)

Svarhlutfall 82% (70 manns)

Óákveðnr: 9


Náðist ekki í: 6

KSÍ hefur falið honum og Þóri Hákonarsyni, framkvæmdastjóra KSÍ, að finna og ráða nýjan þjálfara fyrir landsliðið.

„Það hafa fjölmargir þjálfarar erlendis frá haft samband. Við erum með augun opin fyrir íslenskri og erlendri lausn,“ sagði Geir en hann segir fólk í knattspyrnuheiminum vel vita af því að starfið sé á lausu og því sé engin þörf á að auglýsa starfið.

Heimildir fréttastofu herma að á meðal þeirra sem komi til greina í starfið sé Lars Lagerback, fyrrum landsliðsþjálfari Svíþjóðar og Nígeríu. Geir sagði að ekki væri búið að ræða við neinn um starfið enn sem komið er.

Rúnar Kristinsson og Eyjólfur Sverrisson hafa báðir gefið það út að þeir hafi ekki áhuga á starfinu. Aftur á móti hafa þeir Guðjón Þórðarson, Teitur Þórðarson og Willum Þór allir tekið vel í að ræða við KSÍ ef sambandið hafi á annað borð áhuga á því að ræða við þá. - hsb



Washington

FRÁ 30.900 KR

Mér finnst langskemmtilegast að fara með börnin mín á milli safnanna í Washington eins og ég gerði sem krakka með foreldrum mínum. Effirleitsstatúrin mín er flugvél safnið, National Air and Space Museum en upphaldsvatningastúrin heitir Jake. Svá er líka kann gaman að labba um í gæða veðri og skoða fallegu byggingarnar. Björg Adalheiður Ásgeirsdóttir

**ICELANDAIR**

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)



BEST Stefán Már og Sunna voru ánægð eftir góða helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lokamót Eimskipsmótaraðarinnar spilað um helgina:

## Stefán Már og Signý unnu mótaraðina

**GOLF** Stefán Már Stefánsson og Sunna Víðisdóttir unnu lokastigamótið á Eimskipsmótaraðinni sem fram fór á Urriðavelli í Heiðmörk um helgina.

Stefán varð um leið hlutskarpastur í Eimskipsmótaraðinni. Haraldur Franklín Magnús varð annar í mótaraðinni og Helgi Birkir Þorisson tók þriðja sætið.

Stefán Már lék ótrúlegt golf á laugardegnum en þá voru leiknir tveir hringir. Hann fór fyrri hringinn á fjórum höggum undir pari og þann síðari á fimm höggum undir pari. Hann var því með sjö högga forskot á Guðjón Henn-

ing Hilmarsson fyrir gærdeginn. Stefán spilaði á pari í gær og hélt sínu sjö högga forskoti en Haraldur Franklín tók annað sætið. Andri Már Óskarsson varð síðan þriðji.

Sunna Víðisdóttir lék best á laugardegnum og átti sjö högg á næstu keppendum fyrir lokahringinn. Hún hélt því forskoti lokadaginn og varð á endanum átta höggum á undan Signýju Arnórsdóttur.

Signý vann þar með sigur í mótaraðinni en Ólafía Þórunn Kristinsdóttir varð önnur. Ólafía tók ekki þátt í mótinu um helgina. Sunna skaut upp í þriðja sætið með sigrinum í gær. - hbg



### Hádegisfundur ÍSÍ

Miðvikudagur 14. sept. kl. 12.00-13.00 í E-sal Íþr.-miðstöðv. í Laugardal. Jón Sigfússon hjá Rannsókn og Greiningu fjallar m.a. um íþróttaiðkun framhaldsskólanema. Aðgangur ókeypis og öllum heimill. Uppl. í 460-1467 og á [vidar@isi.is](mailto:vidar@isi.is)

Sjá nánar á [www.isi.is](http://www.isi.is)



MÆTTUR AFTUR Arnór fékk aftur harpix á puttana um helgina.

MYND/OLE NIELSEN

Arnór Atlason sneri aftur á völinn um helgina:

## Það bíða allir eftir því að við töpum leik

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Arnór Atlason spilaði í fimm mínútur um helgina í öruggum sigri Danmerkurmeistara AGK á Skjern. Þetta var fyrsti leikur Arnórs með liðinu á þessari leiktíð en hann hefur ekkert spilað síðan hann lék með landsliðinu í sumar. Arnór tagnaði illa á læri í upphafi æfingátímabilsins og hefur verið talsvert lengi frá síðan.

„Þetta er búið að vera bölvað basl. Ég æfði aðeins tvisvar fyrir leikinn og gerði allt til þess að vera til taks. Það var kannski ekki mjög skynsamleg ákvörðun að spila en þetta slapp. Það var æðislegt að komast aftur á völinn og gott að vinna Skjern örugglega en það er eitt af betri liðunum í deildinni og þeir segjast vera orðnir svo góðir. Hafa aðeins verið að rífa kjaft og það var fínt að þagga niður í þeim,“ sagði Arnór. Jafnt var í tölum í fyrri hálfleik en AGK tók völdin í síðari hálfleik og vann öruggan sigur, 28-20. Arnór gerir ráð fyrir því að Bjerringbro veiti AGK mesta keppni í vetur en Skjern, Álaborg og Kolding komi þar á eftir.

Arnór segir að það sé frábær

stemning í kringum danska ofurliðið sem fyrr. Fram undan er spennandi þáttaka í Meistaradeildinni og athygli fjölmiðla á liðinu mikil sem fyrr.

„Það var stúfult hús og stemning. Allur hópurinn er tilbúinn í slaginn og menn bíða spenntir eftir Meistaradeildinni. Það eru margar stærkar týpur í þessu liði. Sigurvegarar þannig að það er mikil keppni og enginn slakar á. Við megum það ekki heldur enda bíða allir eftir því að við töpum leik. Liðin á Jótlandi tala fjálglega um að þau ætli að vinna okkur og það er bara frábært.“

Alls eru fjórir Íslendingar í liði AGK í vetur. Arnór og Snorri Steinn Guðjónsson voru þar fyrir og í sumar gengu þeir Guðjón Valur Sigurðsson og Ólafur Stefánsson í raðir liðsins.

„Það er frábært að fá þá. Þeir eru fyrst og fremst heimsklassaleikmenn sem styrkja liðið. Óli hefur ekkert verið með en Gaur gefur okkur 5-6 aukamörk úr hraðauppþlaupum í leik, sem er sníll. Þeir styrkja liðið mikið og gaman að fá þá,“ sagði Arnór Atlason.

- hbg

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

# Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni [meiraprof.is](http://meiraprof.is) eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

GÖRUBERNDUR 0010



## Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölum og láta til sín taka á sverum truckum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fé að hitta þig og að fé þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

# NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

## Golfsettið ferðast frítt!

Icelandair Golfers er klúbbur sem auðveldar þér að spila golf út um allan heim.

+ Skráðu þig í Icelandair Golfers á [www.icelandairgolfers.is](http://www.icelandairgolfers.is)

Þú nýtur þessara hlunninda:

- Þú greiðir ekkert gjald fyrir golfsettið þegar þú ferðast með Icelandair.
- Þú færð ýmis tilboð á golfvöllum hér heima og erlendis og hjá samstarfsaðilum Icelandair Golfers.

Innifalið í 5.900 kr. árgjaldi er m.a.:

- 2.500 Vildarpunktur
- 2.000 kr. gjafabréf í Saga Shop
- 100 æfingaboltar í Básu
- Merkipjald á golfpokann

FÉLAGAR MED PREMIUM ICELANDAIR AMERICAN EXPRESS® FRÁ KREDITKORTI GREIÐA EKKERT ÁRGJALD Í ICELANDAIR GOLFERS

# Golfers

## > Charlotte Gainsbourg

„Stúlkur geta gengið í gallabuxum, klippt hárið stutt, klæðst skyrstum og stígvélum. Það þykir í lagi að líkjast strákum. Drengir eru hins vegar litnir hornauga séu þeir kvenlega til fara.“

**Charlotte Gainsbourg leikur í frönsku kvikmyndinni *Prête-moi ta main, sem fjallar um mann á fimmtugsaldri sem er laus og liðugur. Fjölskylda hans er ekki sátt við það og bregður hann á það ráð að fá bestu vinkonu sína til að leika unustu sína. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



## VIÐ TÆKIÐ: SARA MCMAHON SKEMMTI SÉR YFIR ÓÐUM ÖKUPÓR

### Kynbombur og tryllitæki

Ég horfði á kvikmyndina *Death Proof* í fyrsta sinn um daginn. Myndin er frá árinu 2007 og úr smíðju Íslandsvinarins Quentins Tarantino. Myndin skartar mörgum efnilegum leikurum í aðalhlutverkum og má þar helst nefna Zoë Bell, Rosario Dawson, Vanessa Ferlito, Jordan Ladd, Sydney Tamiia Poitier, Tracie Thoms, Mary Elizabeth Winstead og Rose McGowan auk Kurts Russell, sem leikur bandóðan áhættuleikara, „Stuntman“ Mike, sem myrðir ungar stúlkur sér til ánægju.

Kvikmyndin er gerð í anda hryllingsmynda áttunda áratugarins þar sem bílar, kynbombur og blóð eru í aðalhlutverki og er hluti af tvíleik sem hlaut heitið *Grindhouse*, hinn hluti tvíleiksins er kvikmyndin *Planet Terror* í leikstjórn Roberts Rodriguez.

Í stuttu máli fjallar myndin um tvo vinkonu-hópa sem vekja athygli „Stuntman“ Mike. Þann fyrri myrðir hann í sviðsettu bílslysi en Mike



ekur um á bíl sem er „death proof“ og því sleppur hann ómeiddur úr „slysinu“. Nokkrum mánuðum síðar verður annar vinkonuhópur á vegi hins óða ökupórs en þær stúlkur kalla ekki allt ömmu sína og upphéfst mikill eltingaleikur. *Death Proof* fékk heldur slaka dóma kvikmyndagagnrýnenda er hún kom út og segja menn að þetta sé sísta kvikmynd Tarantinos til þessa. Ég hafði aftur á móti lúmskt gaman af myndinni, kvenpersónunum og Kurt Russell í hlutverki hins ógeðfella „Stuntman“ Mike og fannst þetta hin finasta afþreying á rólegu septemberkvöldi.

# dagskrá

## RÚV

- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Húrra fyrir Kela (40:52)
- 17.43 Mærin Mæja (30:52)
- 17.51 Artúr (11:20)
- 18.20 Táknálsfréttir
- 18.30 Konur í eldínunni (3:4) (UN Women - Women on the Frontline) Heimildapáttaröð um ofbeldi gegn konum og stúlkum í Nepal, Tyrklandi, Kongó og Kólumbíu.
- 18.52 Leggðu systur þínum lið (3:4) Þorsteinn Bachmann kynnr starfssemi UN Women.
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Undur sólkerfisins – Blái borðinn (3:5) (Wonders of the Solar System) Heimildamyndaflokkur frá BBC. Hér er nýjstu kvikmyndatækni beitt til þess að sýna stórfengleg náttúruundur í geimnum.
- 21.10 Leitandinn (40:44) (Legend of the Seeker) Bandarísk þáttaröð um ævintýri kappans Richards Cyphers og dísarinnar Kahlán Amnell. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Unglingalandsmót UMFÍ
- 22.50 Liðsaukinn (16:32) (Rejseholdet)
- 23.50 Kastljós (e)
- 00.20 Fréttir
- 00.30 Dagskrárlök
- BÍÓ**
- 08.00 Someone Like You
- 10.00 Stuck On You
- 12.00 Búi og Símon
- 14.00 Someone Like You
- 16.00 Stuck On You
- 18.00 Búi og Símon
- 20.00 Prête-moi ta main
- 22.00 Colour Me Kubrick: A True... ish Story
- 00.00 21
- 02.00 Cronicle of an Escape
- 04.00 Colour Me Kubrick: A True... ish Story
- 06.00 The Hitcher

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í finu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (25:175)
- 10.20 Smallville (16:22)
- 11.05 Mercy (2:22)
- 11.50 Wipeout USA
- 13.00 Frasier (5:24)
- 13.25 American Idol (12:39)
- 15.00 ET Weekend
- 15.45 Barnatími Stöðvar 2
- 17.05 Bold and the Beautiful
- 17.30 Nágrannar
- 17.55 The Simpsons (4:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Two and a Half Men (16:24)
- 19.45 Modern Family (1:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímabarnanna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúinir að ætteleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp í suðurameríska fegurðardís.
- 20.10 Extreme Makeover: Home Edition (14:25) Fimmsta þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover: Home Edition. Þúsundþjalasmíðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
- 21.35 Love Bites (4:8)
- 22.20 Big Love (3:9)
- 23.20 Weeds (9:13)
- 23.50 It's Always Sunny In Philadelphia (7:13)
- 00.15 Two and a Half Men (3:16)
- 00.40 How I Met Your Mother (23:24)
- 01.05 Bones (22:23)
- 01.50 Come Fly With Me (3:6)
- 02.20 Entourage (9:12)
- 02.45 Human Target (12:12)
- 03.30 Afterworld
- 03.55 Mechanik
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

- 07.00 Þýski handboltinn: Kiel - Flensburg Útsending frá leik Kiel og Flensburg í þýska handboltanum. Alfreð Gíslason þjálfar Kiel og Aron Pálmarsson leikur með liðinu.
- 17.45 Þýski handboltinn: Kiel - Flensburg Útsending frá leik Kiel og Flensburg í þýska handboltanum. Alfreð Gíslason þjálfar Kiel og Aron Pálmarsson leikur með liðinu.
- 19.15 Undankeppni EM Útsending frá leik Noregs og Íslands í undankeppni EM.
- 21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
- 21.55 Arnold Classic Sýnt frá Arnold Classic móttinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
- 22.45 Miami - Dallas Útsending frá fyrsta leik Miami Heat og Dallas Mavericks í úrslitum NBA.

## SPORT 2

- 17.45 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 18.40 Van Basten Nu er röðin komin af Marco Van Basten sem af mörgum var talinn einn besti framherji heims.
- 19.10 Man. Utd. - Arsenal Útsending frá leik Manchester United og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
- 22.00 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
- 22.30 Tottenham - Man. City Útsending frá leik Tottenham og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 17.15 Rachael Ray
- 18.05 Top Chef (15:15) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos
- 19.20 Rules of Engagement (1:13) (e)
- 19.45 Will & Grace (6:24) Endursýningar frá upphafi á frábæru gamanþáttunum.
- 20.10 One Tree Hill (19:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Quinn skipuleggur tónleika í fjarveru Haley sem er heima með nýfætt barn á meðan Nathan reynir að svipta hulunni af Kellerman próffessor.
- 20.55 Parenthood (3:22) Bráðskemmtileg þáttaröð sem er í senn myndin, hjartnæm og dramatisk.
- 21.40 CSI: New York (12:22) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félagar hans í tæknideild lögreglunnar í New York. Spænskur maður finnst látinn í íbúð sinni. Fjölskylda hans flækist fyrir viðkvæmri morðrannsókninni.
- 22.30 Dexter (1:12) (e) Fimmsta þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. Síðustu þáttaröð lauk með mikilli dramatik þar sem Dexter kom að eiginkonu sinni látinni í baðkarinu heima hjá sér. Nú þarf hann að fást við afleiðingar og taka ákvörðun sem mun hafa áhrif á hans nánustu.
- 23.20 Law & Order: Criminal Intent (15:16) (e)
- 00.10 Psych (7:16) (e)
- 00.55 Will & Grace (6:24) (e)
- 01.15 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America
- 06.30 Deutsche Bank Championship (3:4)
- 11.00 Golfing World
- 11.50 Deutsche Bank Championship (3:4)
- 15.35 Inside the PGA Tour (35:42)
- 16.00 Deutsche Bank Championship (4:4)
- 22.00 The Future is Now (1:1)
- 22.50 Champions Tour - Highlights
- 23.45 ESPN America

## EXTRA

- 19.30 The Doctors
- 20.15 Ally McBeal (21:22) Þegar Maggie fær taugaáfall ákveður Ally að flytja til New York sem leiðir til sárna kveðjustunda vinnanna. Þá ákveða Fish og Liza að giftast.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Harry's Law (1:12) Nýr gamansamur lögræðipáttur frá David E. Kelly um stjórnlögræðinginn Harriet Korn (Kathy Bates) sem hættir hjá þekktri lögræðistofu og stofnar sína eigin. Hún ræður til sín harla óvenjulegan hóp samstarfsfólks og ákveður að taka að sér mál þeirra sem minna mega sín.
- 22.35 The Whole Truth (11:13) Nýtt og spennandi lögræðidrama. Kathryn Peale er metnaðarfullur saksóknari í New York. Jimmy Brogan er vinur hennar frá því þau voru við nám saman í Yale-háskólanum og er virtur verjandi í borginni. Bæði eru þau mikill keppnisfólk og ákóf í að sinna vinnu sinni vel og berast fyrir skjólstæðinga sína.
- 23.20 Game of Thrones (3:10) Magnaðir þættir sem gerast á miðöldum í ævintýraheimi þar sem sumrin geta varað í áratugi og veturir alla ævi.
- 00.15 Ally McBeal (21:22)
- 01.00 The Doctors (105:175)
- 01.45 Sjáðu
- 02.10 Fréttir Stöðvar 2
- 03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV
- N4**
- 18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
- 18.30 2 gestir Fjölbreyttur þáttur þar sem að gesta stjórnandi fær til sín góðan gest.
- INN**
- 20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
- 20.30 Golf fyrir alla Lokapáttur.
- 21.00 Frumkvöðlar Elinóra Inga og kvennafrumkvöðlar Evrópu í Hörpunni.
- 21.30 Eldhús meistaranna Magnús að byrja með nýja þáttaröð.
- Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.
- OMEGA**
- Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

- |                  |                     |               |                      |                 |                         |                       |
|------------------|---------------------|---------------|----------------------|-----------------|-------------------------|-----------------------|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið    | FM 99,4 Útvarp Saga     | FM 102,9 Lindin       |
| FM 90,1 Rás 2    | FM 91,9 Kaninn      | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

# Fitulítill og próteínrík...

... og passar með öllu



www.ms.is



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.35

Love Bites

Bráðfyndinn rómantískur gamanþáttur frá framleiðendum Sex and the City, Love Actually og Bridget Jones Diary. Judd og Colleen höfðu skipulagt letidag en allt fer úrskaiðis þegar þau komast að því að þau eru orðin of sein í skírnarveislu.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunfrúin 06.40 Veðurfregni 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Hringisól 14.00 Fréttir 14.03 Bæk við stjómurmar 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpsagan: Hver myrði Móleró? 15.25 Fólk og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Inn og út um gluggann 20.00 Leynifélagið 20.30 Lennon í nýja heiminum 21.10 Úr kvæðum fyrri alda 21.29 Kvöldagan: Ofvitinn 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.25 Gími, grúsk og glórir 23.15 Kvika 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

BBC entertainment

10.35 Keeping Up Appearances 11.05 Fawty Towers 11.35 'Allo 'Allo! 12.10 'Allo 'Allo! 12.45 The Inspector Lynley Mysteries 13.35 The Inspector Lynley Mysteries 14.20 Keeping Up Appearances 14.50 Keeping Up Appearances 15.20 'Allo 'Allo! 15.55 'Allo 'Allo! 16.30 Fawty Towers 17.00 Fawty Towers 17.30 The Inspector Lynley Mysteries 18.20 The Inspector Lynley Mysteries 19.10 Top Gear 20.00 Live at the Apollo 20.45 Q! Children in Need Special 21.15 The Old Guys 21.45 My Family 22.15 Top Gear

DR 1

10.50 Dage i haven 11.15 DR1 Dokumentaren 12.15 Merlin 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Kommissær Wycliffe 14.00 Thomas og hans venner 14.15 Carsten og Gittes Vennevill 14.30 Villas vilde dyr 15.00 Livet i Fagervik 15.50 DR Update - nyheder og vejr 16.00 Vores Liv 16.30 TV Avisen med Sport 17.05 Med livet som indsats 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 DR1 Dokumentaren 21.00 DR1 Dokumentaren 22.00 OBS 22.05 Vore Venners Liv 04.00 Rasmus Klump

NKI

11.00 Nyheter 11.05 Folk 11.35 Norge rundt 12.00 Nyheter 12.05 Bondi Beach 12.30 Luksus i ørkenen 13.00 Nyheter 13.10 Dallas 14.00 Nyheter 14.10 Ekstremfiske 15.00 Nyheter 15.10 Rallycross 15.40 Oddasat - nyheter på samisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Færkvel 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.45 Puls 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Valg 2011 20.00 Millionær i forkledning 20.50 Muntre glimt fra Smil til skjulte kamera 21.00 Kveldsnytt

svt1

12.20 Hets 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Go'kväll 15.05 Engelska Antikrundan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturmyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport 18.00 Maestro 19.00 Lykke 20.00 Extreme places with Björmulf 20.30 Lärare på bortaplán 21.00 X-Games 21.45 Exile 23.15 Rapport 23.20 Sverige! 23.50 Fotbollens sista proletärer 00.50 Rapport 00.55 Landet runt 01.40 Så såg vi sommaren då

Gildir til 16. september

# RÖNNING



ISSKÁPUR - RK6162AW

Hæð: 161 cm  
Orkunýting: A++  
Nýtanlegt rými kælis: 232 L  
Nýtanlegt rými frystihólfs: 53 L  
Tilboðsverð: 124.900 kr  
Verð áður: 154.900 kr



ISSKÁPUR - RK60358DW

Hæð: 180cm  
Orkunýting: A+  
Nýtanlegt rými kælis: 230 L  
Nýtanlegt rými frystihólfs: 86 L  
Tilboðsverð: 134.900 kr  
Verð áður: 157.900 kr



ISSKÁPUR - RK61821X

Hæð: 180cm  
Orkunýting: A++  
Nýtanlegt rými kælis: 230 L  
Nýtanlegt rými frystihólfs: 90 L  
Tilboðsverð: 144.900 kr  
Verð áður: 169.900 kr

Þvottavél og þurrkari saman í einum pakka á aðeins 195.000 kr staðgreitt. Verð áður 239.800 kr staðgreitt.



GORENJE ÞVOTTAVÉL 6 KG 1400 SN

Orkunýtni: A+  
Þvottahæfni: A  
Þeytivinduafköst: A  
Afkastageta: 6 kg  
Þeytivinduhraði: 1400 sn  
Hurðaoþ: 33 sm  
Kaldur þvottur 15°C  
SterilTub hreinsikerfi



GORENJE BARKALAUS ÞURRKARI

Afkastageta: 6 kg  
Orkunýtni: B  
Barkalaus  
Snýst í báðar áttir  
Kaldur blástur  
Lægri þurrkhiti  
Krumpuvörn

Blástursofn, keramik helluborð og háfur saman í einum pakka, á aðeins 245.000 kr staðgreitt. Verð áður 326.800 kr staðgreitt.



BLÁSTURSOFN - BO7510AX

Ofn: Heitur blástur  
Undir og yfirhiti  
Grill með blæstri  
Innbyggður kjöthitamælir  
Aquaclean hreinsikerfi.



HELLUBORÐ - ECT610AX

Helluborð: Keramik  
Snertitakkar  
Sjálfvirkur Suðubúnaður  
Viðvörunarljós  
Barnalæsing



HÁFUR - DK450E

Breidd: 60 cm  
Hreinsanleg fitusía  
3 aflstillingar  
Afkastageta 450m<sup>3</sup>/klst

www.ronning.is

Reykjavík  
Skútuvogi 1  
Sími: 562 4011

Akureyri  
Draupnigata2  
Sími: 460 0800

Reyðarfjörður  
Nesbraut 9  
Sími: 470 2020

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

## STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.





„Game Of Thrones. Nú þegar veturinn er að koma er gott að hlýja sér við þessi gömlu subbullegu gildi og fantasíuhórfarir.“

Sigurður Kjartan Kristinnsson, starfsmaður RIFF-hátíðarinnar.

## Dóra Jóhanns umvafin fyndnum strákum

„Þeir eru voða tillitsamir og góðir við mig, koma fram við mig eins og drottningu,“ segir Dóra Jóhannsdóttir, leikkona úr föröunarstólum en hún er eina stúlkan í væntanlegum sjónvarpsþætti Mið Íslands-hópsins.

Tökur standa yfir þessa dagana og fullyrðir Dóra að það sé stanslaust stuð á tökustað. „Þetta eru náttúrulega alveg sjúklega fyndnir og ljúfir strákar. Það þarf sko ekki að draga mig í vinnuna á morgnana og ég vil helst ekki vera í frí, það er svo gaman,“ segir Dóra og bætir við að hana hafi langað til að vera í þáttunum um leið og hún frétti að þeir væru í bigerð. Hún og Ari Eldjárn eru skólasystkini úr Menntaskólanum í Reykjavík en þeim Bergi Ebba, Dóra DNA

og Jóhanni Alfreð var hún að kynna fyrst núna.

„Um leið og ég frétti að verið væri að skrifa handritið að þessum þáttum fór verkefnið eftir á óskalistann. Ég er því mjög glöð að fá að vera með,“ segir Dóra en nóg er að gera hjá henni þessa dagana því hún er nýbyrjuð að sýna aftur leikritið Verði þér að góðu ásamt leihópnum Ég og vinir mínir.

Sambýlismaður hennar og barnsaðir, leikarinn Jörundur Ragnarsson, er nýkominn úr tökum á Heimsenda og er því vinnuálaginu bróðurlega skipt á heimilinu. „Já, við skiptum þessu á milli okkar en við leikum reyndar saman í leikritinu Gyllti drekinn í Borgarleikhúsinu í nóvember. Þá getum við loksins borið saman bækur okkar.“

-áp



STANSLAUST STUÐ Dóra Jóhannsdóttir er eina stelpa í væntanlegum sjónvarpsþáttum Mið Íslands-hópsins. Hér er hún ásamt Bergi Ebba, Dóra DNA, Jóhanni Alfreð og Ara Eldjárn á tökustað.

## Töff einstæðar útvinnandi mæður

„Við erum að reyna að uppfylla stelpumeningu á Íslandi,“ segir Kristín Tómasdóttir sem ásamt systur sinni, Þóru, er að leggja lokahönd á uppflertirit fyrir stelpur sem kemur út í haust

Systurnar gáfu í fyrra út Bók fyrir forvitnar stelpur sem seldist eins og heitar lummur og segir Kristín að vinsældir bókarinnar hafi sýnt að það er greinileg vöntun á efni fyrir þennan markhóp, stelpur.

„Vinsældir síðustu bókar sýndu að það er ákveðið pláss í samfélaginu fyrir þennan markhóp sem þarf að fylla. Þess vegna ætlum við að halda áfram að fræða stelpur um allt milli himins og jarðar. Þegar við vorum að kynna síðustu bók komust við að því að stelpur eru áhugasamar um ólíka hluti. Það var í raun fullt af spurningum ósvarað,“ segir Kristín og bætir

við að þessi bók sé persónulegri en sú fyrri.

Bókin er sett upp eins og uppflertirit þar sem spurningar eru flokkaðar niður eftir bókstöfum. Undir bókstafnum Á eru til dæmis spurningar tengdar áfengi. Kristín og Þóra söfnuðu spurningunum saman gegnum rýnihóp á netinu og frá stúlkum sem komu á bóka-kynningar þeirra í skólum og tómstundamiðstöðvum.

„Það er smá „Kæri sáli“ fflingur í þessu og ég hef sjálf verið mjög forvitin að vita svörin við mörgum af þessum spurningum. Við erum allar stelpur inn við beinið og þetta er viðfangsefni sem snertir okkur allar,“ segir Kristín og viðurkennir að þær systur séu gott teymi. „Við höfum alltaf verið teymi, núna rithöfundateymi. Svo erum við líka báðar töff einstæðar útvinnandi mæður.“

-áp



DEILT UM BÓK TOBBU Fjöltnir Þorgeirsson er ekki sáttur við skrif Þorbjargar Marinósdóttur í bókinni Lýtaus en þar bregður fyrir persónu sem heitir Fjöltnir Þorgeirsson sem hann er augljóslega fyrirmyndin að. Fjöltnir segir skrifin vera á lágu plani en Þorbjörg segir þetta vera skáld-sögupersónu þótt auðvitað séu skírskotanir í raunveruleikann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

PORBJÖRG MARINÓSDÓTTIR: HANN ÆTTI BARA AÐ LESA BÓKINA MÍNA

## Fjöltnir Þorgeirs ósáttur við skrif Tobbu Marinós

„Mér finnst þetta fáránlegt,“ segir Fjöltnir Þorgeirsson, hestamaður með meiru.

Fjöltnir virðist vera fyrirmynd persónu í bókinni Lýtaus eftir Þorbjörgu Marinósdóttur eða Tobbu Marinós sem kom út fyrir helgi.

Persónan heitir reyndar Fjöltnir Þorgeirsson og verður á vegi aðalpersónu bókarinnar, Lilju, í Ríkínu. Þau eru síðan gestir í sömu veislu og verða vinir á Facebook. Fjöltni Þorgeirssyni er lýst nokkuð ítarlega og það velkist varla nokkur lesandi í vafa um að umrædd persóna er byggð á Fjöltni Þorgeirssyni, hann er meðal annars klæddur í flíspeysu, reiðbuxur og reiðskó þegar Lilja og hann rekast fyrst á hvort annað. „Hesta- og leðurlykt fyllir freknótt nefið á mér,“ skrifar Tobba í bókinni.

Fjöltnir er hins vegar ekki þar sáttur með rithöfundinn. „Hún sendi mér einhvern texta og spurði hvort mér væri sama. Ég svaraði

til baka og sagði að mér fyndist hún vera á lágu plani og mér væri ekki sama,“ segir Fjöltnir og það er augljóst að þetta fer mjög fyrir brjóstið á honum. „Ég vil bara minna á að aðgát skal höfð í nærveru sálar og ég hefði aldrei blickað hana í Ríkínu. Því hún er ekki mín týpa, ég er smekkmáður á konur,“ segir Fjöltnir.

„Þetta er skáld-sögupers-

óna en ég sagði honum auðvitað frá þessu, ég vildi ekki vera með nein leiðindi. Auðvitað eins og með allt í bókinni, þá er hún með skírskotanir í raunveruleikann, vini mína og umhverfið og hann verður bara að komast yfir þetta. Mér finnst hann ekki einu sinni fara illa út úr bókinni,“ segir Tobba og bætir við að Fjöltnir ætti bara að lesa bókina, hann hefði örugglega bara gaman af henni.

Fyrsta bók Tobbu, Makalaus, naut töluverðra vinsælda í fyrra. Hún varð síðan að sjónvarpsþáttaröð sem sýnd var á Skjá einum. Lýtaus er sjálfstætt framhald þeirrar bókar.

freyrgigja@frettabladid.is



SVARA FORVITNUM STELPUM Kristín og Þóra Tómasdóttir gefa út uppflertirit fyrir stelpur í haust þar sem þær svara spurningum um allt milli himins og jarðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérbláða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!**

Ívar Örn Hansen S: 5125429, gsm 6154349 ivarorn@365.is	Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigrurdagny@365.is	Sigríður Hallgríms S: 5125432, gsm 6924700 sigridurh@365.is
---	--	--

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

## Heldur einkasýningu í Peking

„Mér finnst þetta æðislegt,“ segir myndlistarmaðurinn Guðmundur Oddur Magnússon, Goddur, sem er á leiðinni til Kína síðar í mánuðinum.

Þar tekur hann þátt í hönnunarkennu í höfuðborginni Peking og heldur þar einkasýningu með þrjátíu veggspjöldum sem hann hefur búið til. Það var listrænn stjórnandi hönnunarkennunnar, Aric Chen, sem óskaði eftir því að sýna verk Godds.

Hann hlakkar mikið til að heim-sækja Kína og kynna verk sín fyrir heimamönnum. „Það er svo sjaldan sem grafísk hönnun verður kúltúr. Það hafa nokkrir íslenskir listamenn náð þessari stöðu eins og Katrín Pétursdóttir og fleiri



Á LEIÐ TIL KÍNA Myndlistarmaðurinn Guðmundur Oddur Magnússon er á leiðinni til Kína í lok mánaðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sem verða eftirsóttir á sýningum. Við erum ekki mörg sem höfum náð þessari stöðu að láta sýna verkin okkar á alþjóðlegum menn-

ingararburðum sem kúltúrþyrirbæri,“ segir Goddur sem hefur aldrei komið áður til Kína.

Sýningin verður opnuð 26. september og fer hún fram í gömlum, endurnréttuðum verkmiðjusal í listamannahverfinu 751 þar sem þrjátíu verk verða hengd upp á stálvíra. Goddi hefur einnig verið boðið að halda fyrirlestur kvöldið eftir en síðasta einkasýning hans var haldin á Seyðisfirði í fyrra.

Áður en listamaðurinn flýgur til Austurlanda fjær kemur hann við í Frankfurt þar sem sýnd verður íslensk hönnun á listiðnaðarsafninu þar í borg. Sú sýning verður minni í sniðum þar sem einungis fimm veggspjöld eftir hann verða sýnd.

-fb

# SPORTKLÚBBURINN

12 mánaða kort í Sporthúsið á  
aðeins **5.200** kr. á mánuði  
12 mánaða sundkort ÍTR fylgir með.

Kaupauki fylgir frá:



heilsurækt fyrir alla

Brúsi - frí barnagæsla  
Fitumæling & prógrömm  
Æfingadagbók Sporthússins  
10x30 mín. í skvassi

# SKÓLAKORTIÐ

10 mánaða kort í Sporthúsið á  
aðeins **3.990** kr. á mánuði

Kaupauki fylgir frá:



**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

Æfingadagbók Sporthússins  
Fitumæling & prógrömm  
10x30 mín. í skvassi

**SPORTHÚSIÐ**

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

## FRÉTTIR AF FÓLKI

## Þórhallur sigurvegari

Árlegt golfmót fjölmiðlamanna fór fram á Kirkjubólsvelli við Sandgerði á föstudag. Golfmótið, sem nefnist Media Masters, var haldið í 21. sinn og í þetta skiptið voru það kyflingar frá Ríkisútvarpinu sem báru sigur úr býtum. Í liðakeppninni var það A-sveit RÚV sem fékk flesta punkta en liðið skipuðu Þórhallur Gunnarsson, Björn Malmquist, Bjarni Guðmundsson og Haraldur Jónsson. Þá sigraði Þórhallur einnig í einstaklingskeppninni og fékk að launum forlata farsíma. Meðal annarra keppenda á mótinu má nefna Loga Bergmann Eids-son, sem hefur séð um mótið ásamt fleirum síðustu ár, Einar Örn Jónsson, íþróttafréttama-ann á RÚV, og Gunnar Hansson, leikara.



## Sigur Rós í Feneyjum

Liðsmenn Sigur Rósar héldu allir sem einn til Feneyja fyrir helgi þar sem þeir frumsýndu tónleika-myndina Inni á kvikmyndahá-tíðinni. Stikla myndarinnar vakti mikla athygli þegar hún birtist á myndbandavefnum You Tube fyrir nokkru enda vissu fáir að hljómsveitin væri í þessum hugleið-ingum. Tónleikamyndin er byggð á tvennum tónleikum í Alexandra Palace sem hljómsveitin hélt 2008 en ráðgert er að myndin verði gefin út í nóvember og tvöföld tónleikaplata með.

- mþl, fgg



## Mest lesið VÍSIR

- 1 Þúsundir manna á Ljósanótt
- 2 Miklir vatnavextir í Múlavísl
- 3 Gaddafi flúinn frá Ban Walid
- 4 Jóhanna hvergi á förum
- 5 Þýrlan sótti veika konu
- 6 Búið að slökkva eldinn í Arnarsmára

m.visir.is  
Fáðu Vísir í símann!

## ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKI Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísir.

VÍSIR

## VIÐ GETUM ÞAÐ ALLAR - og þú líka -

Við getum allar ræktað sál okkar og líkama. Í Baðhúsinu hefurðu aðgang að því sem til þarf fyrir aðeins 6.190\* á mánuði. Með þátttöku í KK klúbbnum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma. KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin.

Allt þetta er innifalið í Baðhúsinu fyrir aðeins 6.190\* kr. á mánuði;

- Zumba.
- Hot jóga.
- Lene Hansson námskeið.
- Fit Pilates.
- CX30.
- Afró.
- Jane Fonda.
- Heilsuáttak.
- Spinning Express.
- Tabata (Trx, Bosu, ketilbjöllur).
- Magadans.
- Les Mills tímar.
- Salsa.
- TKT.
- Tæbox.
- o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarheiðri.

Komdu í Baðhúsið - og náðu markmiðum þínum. Við getum það allar. Og þú líka.

Vertu velkomin.

Nánari upplýsingar á [www.badhusid.is/kk](http://www.badhusid.is/kk)

**Komdu strax í klúbbinn og byrjaðu að æfa, fyrsta greiðsla kemur ekki fyrr en í október!**

6.190\* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 4 leiðir, með mismunandi bindingu og fríðindum; Skólaáskrift, Grunnáskrift, Eðaláskrift eða Frjálsáskrift. Fríri aðgangur að lokuðum tímum, og frí barnagæsla fylgir öllum leiðum nema Skólaáskrift.



BADHÚSIÐ  
www.badhusid.is  
Símí 515-1900